



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Strandasýslu 1884-1892



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skoðuð 15. sept. 1939.

Kr. Steingrímsson

Séð 2/8 1946

Krzenmet

Bók þessi, sem er 280_ tvöhundruð og áttatíu- blaðsíður að stærð, gegnum-dregin og innsiglið með signeti Vestur-Amtsins, löggildist hjermeð sem

Landamerkjabók fyrir Strandasýslu. –

Íslands Vesturamt, Reykjavík 4. nóvember 1885.

Magnús Stephensen

settur.

Mér sýnd 31/7 96.

JHafsteen

Skoðað 13/7. 1910

Björn Jónsson

VJB 2549.



N^o 1.

Landamerkjaskrá fyrir ljensjörð Prestsbakkaprests Miðdalsgröf.

Að framanverðu milli Tinds og Miðdalsgrafar eru landamerki úr Þúfu við ána, síðan eptir grillum yfir flóann upp að læk, sem nefndur er Landamerkjælækur, síðan eptir læknum í stefnu á vörðu, er stendur á holti neðan til í hlíðinni, þaðan í beina stefnu í hnjúk á brúninni, að ofanverðu á fjallinu ræður stefnan eptir því sem vötnum hallar; á hnjúk yfir dalsbrún á svokölluðum Húsadal suðvestur af Heiðarbæ, síðan eptir brúninni í austur að brekku sem nefnd er Fjárlág, og þaðan beina stefnu til landsuðurs ofan í ána, og er áin síðan á þá hlið landamerki.

Staddur í Tröllatungu 6. sept. 1884.

Páll Ólafsson.

Þessum landamerkjum eru samþykkir:

Fyrir Tröllatunguland:	Halldór Jónsson
Fyrir Heiðarbæjarland:	Hjálmar Jónsson
Fyrir Tinds land	Jón Jónsson
Fyrir Klúku land	Björn Björnsson
Fyrir Gestsstaðaland	Daði Bjarnason

Upplesið fyrir manntalsþingrjetti að Kirkjubóli 16. maím. 1885, og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 1.

Vitnar:

S.E. Sverrisson

Borgað:

Fyrir þinglestur	kr. 75 a
Fyrir bókun	kr. 25 - er

ein króna.

SESv.



Landamerkjabrjef fyrir Borgum í Bæjarhreppi innan Strandasýslu, eign Hjarðarholtskirkju í Dölum.

Að sunnanverðu milli Hvalsár og Borga ræður svokölluð landamerkjaklöpp, sem er niður af Hvalsártjörnum í fjörunni og er hún úr svörtu grjóti og þverhnýpt að norðanverðu, og þaðan beina sjónhending í Tjarnarstapa eptir vörðum, sem þar verða hlaðnar, aptur úr Staphorninnu sjónhending yfir brúnina stefnu þá, sem Rauðsgil ræður, sem er á landamerkjum Hvalsár og Kolbeinsár, einnig eptir vörðum, sem þar verða hlaðnar. Aptur að norðanverðu ræður mörkum Borgaá, sem rennur fyrir norðan Borga-Borgir, sem af sumum hefur kallast landamerkjælækur, og úr honum sjónhending í Sjónarhól í vörðu þá, sem á honum er og sjónhending þaðan í norðurendann á Hrásás eins og hann ræður meðfram Mjóaflóa austanverðum beint í Litlu tjörn litla tjörn þá sem er norðanvert við Stapatúnsveitu og ræður svo sama sjónhending úr tjörn þessari í áður umgetin landamerki millum Hvalsár, Borga og Kolbeinsár í vörðu, sem þar verður sett eða annað glöggt merki.

Skrifað að Stóru-Hvalsá við Hrutafjörð 23. júlí 1884.

J. Guttormsson

prestur í Hjarðarholti.

Ábúandi á Kolbeinsá:

Ábúandi á Borgum:

O. Gíslason.

Guðmundur Jónsson

Samþykkur að því er mig snertir

Þorvaldur Bjarnason

prestur að Mel í Miðfirði.

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 6. júním. 1885 og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 2.

Vitnar

S.E. Sverrisson.

Borgun:

Fyrir þinglestur

Kr 75 a

Fyrir bókun

Kr 25 – ein króna

SESverrisson



N^o 3.

Landamerkjaskrá fyrir Snartartungu. Milli Óspakseyrar og Snartartungu eru þessi landamerki; Rauðuskriðulækur, sem tekur sig upp í Kjóstaðabrún beina sjónhendingu í djúpan pít við ytri endann á breiðueyri og svo þvert í tungu á. Merkin að norðanverðu eru af kjóstaða brún uppyfir nefndan læk sjónhendingu í djúpagil, sem rennur í Mjóadalsá og er það neðsta gil í dalnum. Mjóadalsá gjörir landamerki milli Snartartungu og Kleifa í tjörn þá, sem hún rennur úr og beina sjónhendingu í Lambavatn. Úr suðurendanum á Lambavatni í hæðstu holt á Tunguheiði og af því í hæðstu hraun. Af hæðstu hraunum sjónhendingu í syðragil í Húsadalsbotni. Húsadalsá og Tunguá greina lönd milli Snartartungu annarsvegar og Brunngils og Þórustaða hinsvegar.

Snartartungu 5. apríl 1885.

Einar Þórðarson

Landamerkjaskrá þessa samþykkir:

Eggert Jónsson, eigandi Kleifa, Ólafur Magnússon, eigandi í Þórustöðum Jón Jónsson eigandi í Brennugili, Magnús Jónsson og Lýður Jónsson eigendur Óspakseyrar.

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Broddanesi 17. maím 1886 og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 3.

Vitnar

SeSverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a,

eina krónu.

SeSverrisson.



Landamerkjaskrá fyrir Skriðnesenni í Broddaneshreppi.

Að framanverðu ræður Kjallagsstaðaá eða Ennisá frá sjó og til fjalls á svo kallaða Reiðtjörn, þaðan sjónhendingu í upptök sláttulækjar í Broddadal, síðan sem Sláttulækur ræður til Broddár, síðan ræður Broddá út að Ennislækjum. Ennislækir ráða til Ennisvatns, þaðan eins og vötnum hallar út hálsinn í Sjónarhól utarlega á Ennishöfða, þaðan sjónhending í stigavíkurgjá og stigaklett. Núps og Staðarbakka kirkjur eiga reka frá Stiga og að rauðuskriðu.

Skriðnesenni í janúar 1886.

Lýður Jónsson.

Ingveldur Magnúsdóttir ábúandi á Broddadalsá.

Magnús Jónsson ábúandi á Bræðrabrekku.

Jón Magnússon á Broddanesi.

Sem umboðsmaður þjóðeigna í Strandasýslu samþykkir undirskrifaður landamerkjaskrá þessa hvað þjóðeignina hálfu Bræðrabrekku snertir.

S E. Sverrisson

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Broddanesi 17. maím. 1886, og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 4.

Vitnar

S.E.Sverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

eina krónu S.E.Sverrisson.



Landamerkjaskrá fyrir Bræðrabrekku í Broddaneshreppi.

Að framanverðu ræður varða á miðjum hólma við sjóinn, sem myndast af svo kölluðum deildarlæk, sjónhending úr vörðunni í dýpsta farveg í klettabrún fyrir ofan. Síðan ræður deildarlækur til upptaka, þaðan beina sjónhending eptir vörðum í Broddá, síðan ræður Broddá út að Sláttulæk. Síðan Sláttulækur til upptaka, þaðan sjónhending í Reiðtjörn, síðan ræður Kjallag^ksstaða á eða Ennisá til sjávar.

Bræðrabrekku 7. maí 1886.

Magnús Jónsson, ábúandi á Brekku.

Ólöf Helgadóttir sem eigandi Hvítuhlíðar.

Sem umboðsmaður þjóðeigna í Strandasýslu samþykkir undirskrifaður landamerkjaskrá þessa, hvað þjóðeignina hálfu Bræðrabrekku snertir.

S.E.Sverrisson.

Jón Magnússon á Broddanesi.

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Broddanesi 17. maím. 1886, og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 5. Vitnar S.E.Sverrisson.



Landamerki fyrir jörðina Klúku í Miðdal í Kirkjubólshreppi, (sem menn vita til að ~~hafa~~ hafa staðið öröskuð mikið á annað hundrað ár) eru þessi.

a) Að framanverðu milli Klúku og Gjeststaða, neðst frá Miðdalsá, liggur laut uppeftir melunum (kölluð Reiðlá) eptir henni rennur lækur, sem hefur sín upptök í miðri hlíðinni og í gegnum mýri, þar til hann rennur í fyrnefnda lág, og rennur eptir henni í ána, en þar sem lækur þessi kemur fyrst úr hlíðinni, byrjar sjónhending upp eptir, og í vörðu á lægri brúninni (kölluð dagmálvarða frá Gestsstöðum). Þegar að þessari vörðu er komið byrjast sjónhending uppá fjallsbrunina efri, (kallað Grenfell) þar er lítill hnúkur með þúfu á, þann hnúk ber dagmála varða í, upp frá þessum hnúk er stefna bein yfir í laut er liggur eptir endilöngu fjallinu og kölluð er Stóralaut; eptir henni rennur lækur út eptir.

b) Þá taka til landamerki að utan, milli Kirkjubóls og Klúku neðan frá Miðdalsá liggur sandhryggur (kallaður miðgötuhryggur) hann liggur upp að svonefndum Sjónarhól, fyrir ofan hólinn er lítið holt, og á því tveir steinar lítið bil á milli, frá þeim steinum sjónhending uppeftir í Bungukoll (kölluð Klúkubunga) þaðan upp lítið fram á við, eptir holtahrygg, sem hallar bæði fram og útaf, og svo beint upp í fyrnefnda laut á endilöngu fjallinu, og lækinn, sem rennur eptir henni, þar hallar öllum vötnum í Klúkuland. Þeir, sem skoða, og hafa skoðað að þessi merki geta ekki álitnið annað um þetta sje rjett.

Klúku 28. Október 1885.

Björn Björnsson.

Við hlutaðeigendur beggja megin álítum þess rjett.

Daði Bjarnason. Grímur Benediktsson.

Skrá þessi er lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 18. maím. 1886 og rituð í landamerkjabók Strandasýslu eundir tölulíð 6.

Vitnar

S.E. Sverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna S.E. Sverrisson.



Skrá yfir Hellu landamerki:

Að utanverðu milli Hellu og Kleifa ræður svonefndur landamerkjalækur frá sjó og uppá vatnshjalla og rennur hann þar út lítilli tjörn, svo sjónhending úr henni í vörðu neðantil á Kleifafellsströnd og þaðan sem vörður vísa eptir brúninni norður í steinsþúfu á Þrítjarnarbjörgum innantil og þaðan eptir bjargabrúninni í vörðu vestantil við seljulaut, svo sjónhending yfir lautina og í stóran stein austanvert við hana og þaðan eins og Oddabjargabrún ræður norður og í kringum Oddahvamm og í Urriðavatn norðanvert við hvamminn. Milli Kaldrananess og Hellu ræður jarðfallalækur frá Urriðavatni, er rennur fyrir vestan Háuberg og þar í gegnum fjórar tjarnir; og svo úr nyrðstu tjörninni rennur svokallaður stórilækur norður eptir brún og ofaní Bjarnarfjarðará framanvert við Bakka bæinn; þaðan ræður Bjarnarfjarðar á fram að svokallaðri Hjálmarsá, er rennur ofan af hábrún og þar úr svokallaðri Hjálmarstjörn og skiptir áin löndum á milli Skarðs og Hellu, svo frá tjörninni sjónhending í hnöttótt holt, sem er fyrir ofan hana og af því sjónhending í stóran stein norðantil á Steinshæðarenda svo frá honum sjónhending í vörðu við grjóthólmavatnsenda neðri og frá vatnsendanum eins og holtahryggur ræður Sandnesmeginn við haugsvatnsflóa ofan að haugsvatni, en úr vatninu rennur Kolsá, er ræður landamerkjum á milli Sandnes og Hellu alla leið þaðan og ofan í sjó.

Ingim. Guðmundsson. Einar Einarsson. E. Guðbrandsson.

Fyrir Kaldrananess samþykkir,

Þ. Guðbrandsson. G. Guðmundsson. Jón Guðmundsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Kaldrananesi 22. maím. 1886, og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 7.

vitnar

S.E. Sverrisson.

Borgun:

Fyrir þinglestur 75^a

fyrir bókun 25^a

ein króna. S.E. Sverrisson.



Skrá yfir landamerki Hafnarhólms:

Milli Gautshamars: að læk, sem rennur í sjó milli bæjanna, og eins og sá lækur ræður uppundir Margrjetarfell og í vörðu á Margrjetarfelli og eptir fellinu eins og vörður vísa í Hrafnaborg og þaðan í Margrjetarvatn svo úr Margrjetarvatni í stein í Steinsvatn.

Milli Kaldranans:

að vörðu við læk ofanvert við leikvelli og með þeim læk í Klofavatnsenda og á kloffning og af honum einsog vörður vísa sunnanvert við Rafsflóa í landamerkjala sem liggur að Urriðavatni.

Milli Kleifa:

að utan að Hverá frá sjó og eins og sú á ræður og hefur runnið uppá háls í Hveravatn og að Lækjar sitru þeirri, sem rennur í Hveravatn mitt að norðan að Kleifahálskirkjuvegi, og þaðan beint í Urriðavatn sem er aðeins fáir faðmar.

Guðbjörg Jónsdóttir Magnús Kristjánsson. Eymundur Guðbrandsson.

Fyrir Kaldranans samþykkir Þorsteinn Guðbrandsson

Fyrir Gautshamar samþykkir G. Guðmundsson. Þ. Bjarnason. Jón Guðmundsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjett að Kaldranansi 22. maím. 1886 og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 8. vitnar

S.E. Sverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna

S.E. Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skrá N^o9.
yfir landamerki Kleifa.

Milli Hafnarhólms: Að utan að Hvera á frá sjó og eins og sú á ræður og hefur runnið uppá háls í hverarvatn og að lækjarsitru þeirri, sem rennur í hverarvatn, mitt að norðan að Kleifahálskirkjuvegi og þaðan beint í Urriðavötn sem eru aðeins fáir faðmar.

Að innan milli Hellu:

að landamerkjalæk við sjó og norður á háls eins og sá lækur ræður uppá vatnshjalla í litla tjörn þar, svo þaðan í vörðu á Kleifafellsrönd innri og svo eins og vörður vísa norður eptir hæðabrúnum í Steinsþúfu á Þrítjarnarbjargabrún og eptir þeirri brún í vörðu við seljalaut og úr þeirri vörðu í Stórastein austanvert við seljalaut, og þaðan norðureptir hæðabrún á Oddbjargabrún og einsog sú brún ræður kringum Oddahvamm og í Urriðavötn norðan við Oddahvamm.

Eym. Guðbrandsson. Magnús Kristjánsson.

Guðbjörg Jónsdóttir. Ingim. Guðmundsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 22. maím. 1886 og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 9. vitnar.

SE. Sverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna. S.E. Sverrisson



Skýrsla um landamerki fyrir Kaldrananeslandi

Milli Kaldrananes og Bjarnanes.

Í norðari lækinn í Hörsvík og í enda kletta beltisins, sem liggur fyrir ofan Þorláksvík og eptir því norður á Hálsögötur og í brúnar kletta endann og fram eptir Brúnarklettunum í Bæjarskarð og eptir Kirkjuvegi í ytri hallanum á skarðinu í leirtjarnar endan fremri.

Milli Kaldrananes og Bæ.

Með Skammá og yfir með Bæjarvötnum að Langá og fram með henni í syðri enda Langholts; Svartbakshólmi í Bæjarvötnum liggur undir Kaldrananes.

Milli Kaldrananes og Gauthamars.

Með langá fyrir syðri enda Langholts og norður með því, sem lækur ræður og með læknum fram yfir svo kallaða Leikvelli í Klofavatns enda nyrðri, þar sem lækurinn hefur upptök sín.

Milli Kaldrananes og Hafnarhólms.

Úr Klofavatns enda nyrðri beina sjónhending eptir vörðum á Klofninginn og eptir vörðum af honum sjónhending fyrir sunnan Rafsflóa í Landamerkjala, sem liggur að Urriðavatni og í norðvestur eptir vatninu að enda þess.

Milli Kaldrananes og Hellu:

Frá Urriðavatnsenda vestri eptir lækjum og tjörnum á milli; norður yfir hálsinn að upptökum Stóralæks og ofan með honum í Bjarnarfjarðará.

P. Guðbrandsson Jón Guðmundsson.

Samþykkur fyrir Gautshamars landamerkjum Þórður Bjarnason.

Samþykkur fyrir Bæ Jón Valgeir Hermannsson.

Sem umboðsmaður samþykkir fyrir Bjarnanesland. S.E. Sverrisson.

G. Guðmundsson fyrir hönd hálf Hafnarhólms.

Magnús Kristjánsson fyrir hinn hálf partinn Hafnarhólms.

Guðbjörg Jónsdóttir.

Fyrir hönd Hellu Ingim. Guðmundsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 22. maím. 1886 og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 10.

Vitnar

SESverrisson

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna.

S.E. Sverrisson



Skrá yfir landamerki á jörðunni Klúku í Bjarnafirði.

Á milli Klúku og Svanshóls í Bjarnafirði er klettur á fjallabrúninni sem kallaður er Tafla, úr honum sjónhending í grjótrúst í Klúkuflóa og aptur úr rústinni í vörðu hlaðna á Bjarnarfjarðarárbakka, svo ræður áin ofan að Hallardalsá, en frá fyrrnefndum kletti á fjallbrúninni eru landamerki eptir Kompásstriki í nordöst eins og vötnum hallar.

Á milli Klúku og Ásmundarness – jarða ræður landamerkjum Hallardalsá, eptir því sem hún að forngildu runnið hefur frá fjalli í Bjarnarfjarðará. Þetta er samkvæmt skrifum, er ég hef undir höndum.

Ísleifur Einarsson (umráðamaður Ásmundarness)
Jón Elíasson

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 22. maím. 1886 og rituð inní
Landamerkbók Strandasýslu undir tölulið 11. Vitnar

S.E. Sverrisson.

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna

S.E. Sverrisson



Skrá yfir landamerki á jörðunni Svanshóli í Bjarnarfirði.

Á milli Klúku í Bjarnarfirði og Svanshóls er klettur á fjallbrúninni á milli bæjanna, sem kallaður er Tafla, úr honum sjónhending í gr[jót]rúst í Klúkuflóa, og aftur úr rústinni í [vörðu] hlaðna á Bjarnarfjarðarárþakka, svo skipt[ir] áin löndum fram til Goðdalár þar sem hún nú rennur og hefur runnið frá gamalli tíð, en frá fyrnefndri Töflu á fjallbrúninni eru landamerki eptir kompásstriki nord öst, norður á hraun eptir því, sem vötnum hallar. En á milli Goðdals og Svanshóls er fyrst Goðdal[sá] þar sem hún rennur í Bjarnarfjarðará, fram að hól þeim er kallaður er Sjónarhóll og stendur við ána, úr honum beina línu ^{upp til} fjalls í hæðsta högg á svo kallaðri Goðdalshyrnu [...] kompásstriki í nord ost norður á hraun; þessi örnefni eru frá gamalli tíð, og hafa þessi landamerki verið og eru enn. Við þessa landamerkjaskoðun voru viðstaddir jarðeigendur umráðamenn, og allir ásáttir með þau.

Svanshóli 18. september 1885.

L. Bjarnason. J.E. Hrútfjörð.

Á. Magnússon. Kári Kjartansson.

J.J. Thorarensen (fullm. eiganda) Einar Einarsson

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Kaldrananesi 22. maím. 1886 og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 12. vitnar

S.E. Sverrisson

Borgað:

Fyrir þinglestur 75^a

Fyrir bókun 25^a

ein króna

S.E. Sverrisson.

Séð p.t. Bæ h. 22. júní 1887

EThJónassen



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Brunngili í Broddaneshreppi.

Landamerki höfum við orðið ásáttir um sem hjer segir: Svo kallað Stakkgarðsgil, sem rennur ofanúr Snjófannaás ofaní Tunguá, gjörir landamerki milli Brunngils og Þórustaða.

Landamerki milli Brunngils og Heidalssels gjörir Rjúpnafell og ræður það suður eptir þar til Ljáskógaland byrjast sem er á há Rjúpnafelli og byrjast þar landamerki milli Brunngils og Ljáskóga, og liggja beina línu yfir Vatnadal yfir Orustuhryggi yfir Mýrdal og yfir Gafllfell, þá byrjast landamerki milli Brunngils og Fremri Brekku í Saurbæ og er það holthryggur sem liggur milli Hólkonudals og Brekkudals sem gjörir þar skýr landamerki og hraunin, sem liggja vestur að Húsadalsá en Húsadalsá gjörir landamerki milli Brunngils og Snartartungu, þar til hún kemur í Tunguá, en úr því ræður Tunguá landamerkjum þartil áðurnefnt Stakkgarðsgil kemur í hana.

Brunngili 12. Júní 1886. Jón Jónsson eigandi á Brunngili

Guðbrandur Sturlaugsson, eigandi Fremri-Brekku.

Einar Þórðarson eigandi í Snartartungu

Ragúel Olafsson, eigandi Heydalssels.

Olafur Mgnússon, eigandi að ½ Þórustöðum

Guðmundur Guðmundsson, eigandi að Ljáskógum

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Broddanesi 31. maí 1887 og ritað inn í Landamerkjabók Strandasyslu undir tölulið 13.

vitnar

S.E. Sverrisson

Borgun:

Fyrir þinglestur kr 75^a

Fyrir bókun kr 25^a

Ein króna

S.E.Sv.



Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Ósi í Hrófbergshreppi innan Strandasýslu:

Ósá ræður frá sjó fram á fjöll. Þar sem hún hefur upptök úr vötnum, sunnantil við miðja Kollabúðaheiði, og frá þeim vötnum eptir því sem hallar að Ósdalsdrögum að Miðheiðarborg. Þaðan eptir heiðarveginum norður að Þriðjungaárvaði, þaðan sjónhending sunnanvert við Álptahnúka í Vatnadalsdrög og þaðan í stóran stein á Langahrauni, þá þaðan í Langborgarhöggið; síðan sem vötnum hallar eptir há Stóruhlíðarfjallinu að Mjóavatnshögginu eins heim eptir bungunum að Þvergljúfralá og ofan Þvergljúfralá að Grjótá, þaðan skiptir hún löndum til sjóar utan til við skerið eptir fornum farvegi. –

Undirskrafaðir hlutaðeigendur þessu sambúkkir:

Isl. Einarsson. Magnús Magnússon. Arni Jónsson
og ábúendur á Ósi: Þórarinn Hallvarðss. Asgeir Snæbjarnarson
eigendur: Kjartan Guðmundsson Magnús Kristjánss. Tómas Jónsson

Lesin upp fyrir manntalsþingrjetti að Hrófbergi 2. júní 1887 og rituð inní Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 14.

vitnar

S.E.Sverrisson.

Borgun fyrir þinglestur kr.75^a
Borgun fyrir bókun kr.25^a Er
Ein króna
S.E.Sv



N^o 15.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Fitjum í Hrófbergshreppi innan Strandasýslu:

Á milli Óss og Fitja skilur lönd Þvergljúfralá, sem liggur upp frá Grjóta upp undir Bungur, svo frá Þvergljúfralá skilur lönd eptir há Bungunum, sem lækjum hallar fram eptir fjalli, í Mjóavatnshrygg og sömuleiðis þaðan frameptir há-fjallinu sem lækjum hallar, fram Stóruhlíðarfjall í Langborgarhöggið, og þaðan er sjónhending í stóran stein á Langahrauni og þaðan sjónhending í Vatnadalsá, fyrir framan eingjar og búfjárhaga, ofaneptir Vatnadal ræður Vatnadalsá, Fitjavatn, Hriminn, Hrófbergsvatn og Grjóta að Þvergljúfralá. –

Staddir að Fitjum 25. September 1886.

M.Magnússon. Þ.Hallvarðsson. Tómas Jónsson. Arn Jonsson
ÍslEinarsson. Kjartan Guðmundsson. Ásgeir Snæbjörnsson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 2. júní 1887 og rituð inn í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 15. vitnar

S.E.Sverrisson.

Borgun fyrir þinglestur kr.75^a

Borgun fyrir bókun kr.25^a Er

ein króna

S.E.Sv



N^o 16.

Landamerki jarðarinnar Skeljavíkur:

Að utan greinir Víðidalsá og Húsadalsá Skeljavíkurland frá Víðidalsá fram að Þverá, svo skilur Þverá, sem rennur úr Þiðriksvallarvatni í Húsadalsá, Skeljavíkur land frá landi jarðarinnar Vatnshorns. Frá gömlum farvegi Hvítár í vörðu á bakkanum og sem Hvítá ræður að hrauni, sem liggur að Teigsgilsvatni.

Gísli Jónsson á Víðidalsá. Finnur Jónsson í Kálfanesi.

Ólafur Gunnlaugsson í Skeljavík. Magnús Guðmundss. á Þiðriksvöllum.

Eym. Guðbrandsson í Bæ. –

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 2. júnim 1887 og ritað inn í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 16. vitnar

S.E.Sverrisson.

Borgun fyrir þinglestur kr.75^a

Borgun fyrir bókun kr.25^a Er

Ein króna

SESv



Skrá yfir landamerki Kálfaness.

Milli Óss: Að Ósá við sjó og eins og sú á ræður fram til Stakks, milli Vatnshorns, eptir brún Stakkshæðarinnar í tjörn efst í Breiðaskarði og úr þeirri tjörn eins og vörður vísa fyrir norðan Kistur og Engjavötn og suður eptir hrygg milli Engjvatna og Hvolfs í Teigsvatn.

Milli Skeljavíkur: Að sjó við Hvíta, eptir því sem hún áður rann og nú er sett varða til að rjetta sig eptir með sjónhendingu til sjávar. Frá upptökum Hvítar og uppeptir hrauninu og eins og vörður vísa til Teigsvatns.

Eym. Guðbrandsson, Vatnshorni. Ásgeir Snæbjörnsson, Ósi.

Finnur Jónsson Kalfanesi, Ólafur Gunnlaugsson í Skeljavík.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 2. júní 1887, og rituð inn í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 17.

vitnar

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur $\text{kr.}75^a$

Borgun fyrir bókun $\text{kr.}25^a$ Er

Ein króna

SESv



Skrá yfir landamerki Vatnshorns.

Milli Þiðriksvalla: í Þiðriksvallavatn og Þiðriksvalladalsá, sem rennur í vatnið milli bæjanna og eins og sú á ræður framað Miðpartstungusporði að Grímngili og upp með því gili eins og það ræður uppá fjall fram á Grasleysuhraun.

Milli Skeljavíkur: Þiðriksvallavatn og Teigsgil og eins og það gil ræður uppá háls til Teigavatns, milli Óss: Ósá frá svonefndum Stokk eður gljúfrum, sem eru næst fyrir framan Óssel og eins og sú á ræður til fjalla. Milli Kalfaness: að Stokk við Ósá og eptir hæstu brún Stokkhæðarinnar til Breiðaskarðs í tjörn efst í Breiðaskarði og úr þeirri tjörn eins og vörður vísa ofaneptir fjallinu fyrir norðan Kistur og Engjavötn til Teigavatns.

Ólafur Gunnlaugsson, Skeljavík. Finnur Jónsson, Kalfanesi.

Magnús Guðmundsson, Þiðriksvöllum. Ásgeir Snæbjörnsson, Ósi.

Þórarinn Hallvarðsson, Ósi.

Lesið upp við manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 2. júní 1887 og rituð inn í Landamerkjabók Stranda sýslu undir tölulið 18.

vitnar

S.E. Sverrisson

Borgað fyrir þinglestur kr.75^a

Borgað fyrir bókun kr.25^a Er

Ein króna

SESv.



Skrá yfir landamerki Bæjar.

Milli Bjarnaness og Bæjar: Göngustaða á frá sjó og eins og sú á ræður uppí leirtjörn norður á hálsi.

Milli Kaldrananess og Bæjar: Leirtjörn, Skammá, Bæjarvötn, Langá í Kirkjuvegsvað á Langá; milli Gautshamars og Bæjar: Úr Kirkjuvegsvaði á Langa og vestur eptir holtum eins og vörður vísa, og milli Snorraflóa og Bónaflóa í Lækjarskarð á Tjarnarhjalla og úr Lækjarskarði eins og vörður vísa til Náttmálahnúks á Bæjarfjalli og eptir Bæjarfellsrönd innri til Gollurhnúks á neðri enda Bæjarfells; milli Drangsness og Bæjar: Gollurshnúkur og þaðan beint í efri enda Landamerkjalækjar og sá lækur til sjávar; og Grímsey fylgir Bæ.

Bæ, 1. október 1886

Eymundur Guðbrandsson. Jón Sv. Jónsson. Fyrir hönd Kaldrananess

Þorsteinn Guðbrandss. G. Guðmundsson Jón Guðmundsson.

Fyrir Strandasýslu umboðsjörð Bjarnanes

Samþykkir S.E. Sverrisson

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 4. júní undir tölulið 19. vitnar

S.E. Sverrisson

Borgað fyrir þinglestur kr75^a

Borgað fyrir bókun kr25^a Er

Ein króna

SESv.



Skrá yfir landamerki á jörðinni Bassastöðum liggjandi í Kaldrananesshreppi í Strandasýslu:

Á milli Bassastaða og Sandness ræður lækjarskurður fyrir utan svo kallaða Holmakleyf, frá fjöru beina stefnu í Kolavörðu og þaðan í lækinn sem rennur utantil við Langahraun og það beint norður í Ögmundarvatn, úr neðri endanum á Ögmundarvatni beint í Svaðann, sem er utantil við Reiðgötuvötn, svo beina sjónhending þaðan í syðri endann á svo kölluðu Litla-Skarðsfelli, svo beina sjónhending þaðan í há Sunddalstungukollinn og frameptir henni eptir því sem vötnum hallar í norður endann á Mjóavatni, úr Mjóavatni rennur Trjekyllingaá til Selár fyrir utan hámel á Bólstað og ræður landamerkjum, þaðan Selá til sjóar.

Bassastöðum, 20. September 1886

Loptur Bjarnason. Jón Jörundsson. Fyrir hönd ekknanna á Reykjanesi: Guðrún Stefánsdóttir Einar Einarsson, (eigandi Skarðs og Bólstaðs).

Ísl. Einarsson, (umráðamaður Staðar kirkjueignar hjer Sandness).

J.J. Thorarensen (fyrir Sigurð Gislason)

Lesin upp fyrir Manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 4. júním. 1887 og rituð inn í

Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 20. vitnar

S.E. Sverrisson

Borgun fyrir þinglestur ^{kr}75^a

Borgun fyrir bókun ^{kr}25^a Er

ein króna

SESv.



Skrá yfir landamerki Gautshamars.

Milli Drangsness og Gauthamars: Eptir læk neðan frá sjó í Gollurshnúk á Bæjarfelli.

Milli Bæjar og Gauthamars: Af Gollurshnúk á Náttmálahnúk í Lækjarskarð á Tjarnarhjalla milli Snorraflóa og Bónaflóa austur eptir holtum, sem vörður vísa í Gautshamarskirkjuvað á Langá.

Milli Hafnarhólms og Gautshamars: Eptir læk milli bæjanna frá sjó, eins og sá lækur ræður uppundir Margrjetarfell og í vörðu uppundan lækjarendanum á fellinu og úr þeirri vörðu eptir miðju miðju Margrjetarfelli, og beina sjónhending úr Hrafnaborg í Steininn í Steinsvatni og úr steininum í upptök læks, er rennur úr Klofavatni.

Milli Kaldranans og Gautshamars: sem lækurinn ræður ofan ~~eptir~~ Leikvelli í tjörn vestan til við Langholt og úr henni í Gautshamarskirkjuvað á Langá.

Gautshamri 1. Október 1886.

Fyrir hönd Kaldranans: Þórður Bjarnason. Þorsteinn Guðbrandsson.

Fyrir hönd Hafnarhólms: Magnús Kristjánsson. Guðbjörg Jónsdóttir. G. Guðmundsson. Jón Guðmundsson. Jón S. Jónsson. E. Guðbrandsson (umráðamaður Bæjar)

Lesið upp fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 4. júním. 1887 og rituð í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 21.

vitnar

S.E Sverrisson

Borgað

Fyrir þinglestur kr75^a

Fyrir bókun kr25^a Er

ein króna

SESv.



Landamerkjaskrá fyrir Þambárvallalandi.

Svonefnt Þórhildarklyf er við sjó vestan til við Guðlaugs^{víkur}höfða, úr Þórhildarklyfi beint upp á Höfðaröndina í vörðu, sem þar stendur, og frá þeirri vörðu í svonefnda Eldborg, úr Eldborg í vörðu sem stendur á Háls hryggnum, úr þeirri vörðu í vatn á Hryggnum, úr því vatni beina línu í kollinn á Litlafelli, úr Litlafelli í vörðu, sem stendur fyrir sunnan það, úr þeirri vörðu beina línu í kollinn Sandfelli. Þettað ofanskriafaða gjörir (landa)merki milli Þambárvalla og Skálholtsvíkur, og svo eptir því sem vötnum hallar fram undir Fjárbungur, úr Fjárbungum fram á hrygg, sem er milli Daladranganna Þambárvalladals og Heydals úr þeim hrygg beint yfir í svonefndan Snjófannaás. Þetta gjörir (landa)merki milli Þambárvalla og Heydalssels. Sjerstakur klettur milli Lönguvíkur og Selvíkur við sjávarmál gjörir merki milli Þambárvalla og Þórustaða úr þeim kletti í svonefnda Merkjalág, úr Merkjalág í Hrútaborg, sem er á hálstagsbrúninni, úr Hrútaborg í Geldingaborg, úr Geldingaborg beina leið eptir fjallinu, eptir því sem vötnum hallar fram í áðurnefndan Snjófanna-ás. Þetta framanritaða gjörir (landa)merki milli Þambárvalla og Þórustaða.

Þambárvöllum 10. maí 1887.

Jón Bjarnason, Gísli Jónsson, eigendur Þambárvalla.

Ólafur Magnússon eigari að Þórustöðum hálfum.

Ragúel Ólafsson, eigandi að Heydalsseli.

Jón Þórðarson, eigandi að $\frac{3}{4}$ í Skálholtsvík, að $\frac{1}{4}$ Guðrún Andrjedsdóttir.

Einar Þórðarson eigandi í Þórustöðum

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 12. september 1889, og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 22.

Vitnar

SESverrisson.

Gjald fyrir þinglestur kr. 75^a

Gjald fyrir bókun kr. 25^a

1 Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Þórustöðum í Bitru.

Ár 1884, dag 25. október höfum við undirskrifaðir samið um landamerki, og eru þau eins og verið hafa í einstakan klett, sem er á milli svonefndar Lönguvíkur og Selvíkur, er liggur fyrir Þambárvallalandi, frá kletti þessum í Merkjalág, úr henni í Hrútaborg, úr Hrútaborg í svonefnda Geldingaborg og síðan eptir háfjallinu fram í Snjófanna-ás, þar sem Stakkagarðsgil hefur upptök sín, er gjörir merki milli Þorustaða og Brunngils, gilið rennur í svonefnda Tunguá, er gjörir merki milli Þorustaða og Snartartungu, og Óspakseyrar, gegnum svonefnda Leitiseyri, sem Þórustöðum hefur fylgt og fylgir, hefur áin rifið sig, og er því eyri þessi Tungumegin við ána (en gamall farvegur sjezt).

Þórustöðum ár og dag sem upphaflega greinir.

Ólafur Magnússon, Jón Bjarnason, Þambárvöllum.

Jón Jónsson Brunngili, Jón Bjarnason Skriðnesenni.

Einar Þórðarson.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 12. september 1889 og ritað inn í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 23.

Vottar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

1 kr. ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hrófá.

Að innan móts við land jarðarinnar Víðidalsár: Skammt fyrir innan bæinn á Hrófá gengur fram að sjónum hæð eða holt, sem nefnist Galtahöfði, úr vörðu á honum framan verðum er bein sjónhending sunnan til við Innra varpssker það, sem liggur undir Hrófa yfir Skerflögu lága fram og inn af Hrófárvarphólmanum, er nefnist Djúpflaga og beint í Reykjanesið hinumegin Fjarðarins. Á leið fram til fjalls eru landamerki úr áðurgreindri vörðu eptir vörðum fram holtin þvert yfir mýri þá, er liggur frá Hrófá upp að Víðirdalsá í læk er rennur úr Grenshamraláginni og eptir þeirri lág, og svo fram holtin eptir vörðum í grænt dý í fremri Hafursflóa framanverðum, þaðan eptir vörðum fram holtin og eptir Skógarlandshlíðarbrúninni, yfir Skógarlandsborgina og í vörðu á stórum steini fram við djúpa lág er gengur yfir undir Tóptardalsá og nefnist Álptaskarð, úr áðurgreindri vörðu sjónhending í vörðu á brúninni á Urðarhjalla svonefndum fremst í Álptatungum og norðan til við Tóptardal og þaðan sjónhending í merkjagarð við Mjóadalsá og eptir því sem sú á ræður suður á hraun móts við land jarðarinnar Bæjar í Reykhólasveit.

Að utan greinir áin Hrófá Hrófárland frá landi jarðarinnar Tungugrafar í Kirkjubólshreppi fram þangað sem Tröllatunguá rennur í Arnkötludalsá, þá skilur Arnkötludalsá Hrófarland frá Tröllatungu og Arnkötludalslandi framan að svonefndu Sauðgili. Þá skilur Sauðgil Hrófárland frá Arnkötludalslandi uppí Sauðdal og svo greinir efri brúnin á Sauðdal og brúnir á Arnkötludal eptir sem vötnum hallar suður á hraun Hrófárland frá Arnkötludals og Vonarholtslandi og eptir hrauninu norður að landamerkjum Hrófár og Víðidalsár, eptir því sem vötnum hallar, liggur land jarðarinnar Hrófár móts við land jarðarinnar Bæjar í Reykhólasveit. Þess skal getið að kirkjan í Tröllatungu á ítak (áttunda hluta) í eggveri á Hrófá og á rífhísi í tilteknum parti af Hrófárlandi, nefnil. frá Ásendalæk að Fauskhólagili.

Hrófá 15. maí 1888.

Sem eigandi og vegna hinna annara eigenda jarðarinnar Hrófár, Jón Ívarsson.

Framan ^{og ofan} skrifuð landamerki samþykkjum við: Vegna jarðarinnar Víðirdalsár, Kristín Gísladóttir (handsalað).

Framanskriðu landamerkjabrjefi er jeg samþykkur að því er snertir landamerki jarðanna Tungugrafar, Tröllatungu og Arnkötludals og ítak það (s: áttung úr eggveri og áttung ~~úr~~ hrisrífs í skógarlandi) er Tröllatungukirkja á í Hrófá.

Þ.t. Tröllatungu 26/5 1889.

Arnór Árnason

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 14. septembermánaðar 1889 og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 24.

Vitnar

SESverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur	kr. 75 ^a
Fyrir bókun	kr. 25 ^a Er
ein króna	1 kr. SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Víðirdalsá.

Að utan ræður sjónhending úr vörðu á svonefndum Galtarhöfða framanveðrum inn með sjónum skammt fyrir innan bæinn á Hrófá innan til við Innra varpsker það sem liggur undir Hrófá, yfir skerflögu lága fram og inn af Hrófár varphólmanum, er nefnist Djúpflaga og beint í Reykjanesið hinumegin Fjarðarins.

Á leið fram til fjallsins eru landamerki úr áðurgreindri vörðu eptir vörðum fram holtin og yfir mýri, er liggur frá Hrófá upp að Víðirdalsá í læk, er rennur úr Grenshamarsláginni, og eptir þeirri lág og svo fram holtin eptir vörðum í grænt dý í Fremri Hafursflóa framanveðrum og svo eptir vörðum fram holtin, og eptir Skógarlandshlíðarbrúninni yfir Skógarlandsborginna og á vörðu á stórum steini fram við djúpa lág, er gengur yfir undir Tóptardalsá, og nefnist Álptaskarð úr áðurgreindri vörðu sjónhending í vörðu á brúninni á Urðarhjalla svonefndum fremst í Álptatungum og norðantil við Tóptardal og þaðan sjónhending í merkjagarð við Mjóadalsá, og eins og sú á ræður ^{suður} á Hraun móts við land jarðarinnar Bæjar í Reykhólasveit.

Að innan ræður Víðirdalsá landamerkjum milli Víðirdalsár og Skeljarvíkur frá sjó og fram þangað sem Húsadalsá rennur í Víðirdalsá, eptir það ræður Húsadalsá landamerkjum milli Víðirdalsár og Skeljarvíkur og Þiðriksvalla lands suður á Hraun sunnan til við Laxárdalsheiði og eptir Hrauninu suður að landamerkjum milli Víðirdalsár og Hrófár eptir því sem vötnum hallar liggur land jarðarinnar Víðirdalsár móts við lönd jarðarinnar Bæjar og Myrartungu í Reykhólasveit.

Víðirdalsá 15. maí 1888.

Kristín Gísladóttir (handsalað).

Framan- og ofanskriðuð landamerki jarðarinnar Víðirdalsár samþykkjum við undirskrifaðir.

Vegna jarðarinnar Hrófár. Jón Ívarsson

Vegna jarðarinnar Þiðriksvalla, Jón Guðmundsson Grímur Benediktsson.

Vegna jarðarinnar Skeljarvíkur, R.P. Riis.

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 14. septembermánaðar 1889 og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 25.

Vitnar

SESverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur

kr. 75^a

Fyrir bókun

kr. 25^a

1 kr. Er

ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Melum í Bæjarhreppi í Strandasýslu

Að austan ^{verðu} ræður merkjum sjónhend úr vörðu, sem stendur á móabarði í Langhólma, suður í Hrutafjarðará. Þaðan ræður Hrutafjarðará alla leið þar til Skútagilskvísl rennur í hana.

Að sunnan verðu. Sjónhending úr Skútagili vestur í Reipagilsborg og svo vestureptir hæðunum í Hæðastein. Þaðan yfir Norðurá til Sandgils (eða Sandkvíslar), sem fellur í Norðurá nálægt Holtavörðuvatni, svo ræður það gil upp undir fjöll og efst úr því í Snjófjallakamb hinn eystri og þaðan sömu sjónhending upp á hinn hæsta Snjófjallahrygg.

Að vestanverðu: norður eptir fyrnefndum hrygg norður yfir Tröllakirkju og svo norðuryfir milli Svínadalanna næst því sem vötnum hallar til þeirra beggja, þaðan yfir Klambrafell þvert í Haukadalsskarð, þar sem holt eru hæst milli Ormsár ^{að austan} en Rjettargils að vestanverðu, þaðan beint upp á hæst Geldingafell og svo ræður ^{hæsti} hryggur þess norður á Rjúpnafell, þaðan sjónhending á hæst Lambafell.

Að norðanverðu: af Lambafelli sjónhending í Selá, þar sem byrja melhryggir, sem að henni liggja fyrir norðan Seláreyrar, þaðan ræður Selá ofan á móts við Arnarstapa og þaðan sjónhending í fyrstnefnda vörðu. –

Melum, 4.d. marzmán. 1890.

Gísli Einarsson (umráðamaður Fornahvamms)

Jón Jónsson (eigandi jarðarinnar Mela)

Eggert Sigurðsson (oddviti Þverárhlíðarhrepps)

Gísli Einarsson (oddviti Norðurárdalshrepps)

J. Tómasson (oddviti í Stafholtstungum)

Magnús Andrjesson (oddviti Hvítársíðuhrepps)

Páll Ólafsson (umráðamaður Fjarðarhorns og Fögrubrekku)

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 26.

Vitnar

S.E Sverrisson.

Gjald fyrir

Fyrir þingl. kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

ein króna

SESv.



Landamerkjaskrá fyrir Fögrubrekku.

Að framanverðu ræður Selá.

Að vestanverðu svonefndir Farvegur.

Að utanverðu sjónhending úr Farvegum í Landamerkjatjörn, þaðan eptir læk þeim, sem fellur í tjörnina og nefndur er Landamerkjælækur vestur undir Miðaptansflóa. Þaðan sjónhending frá því er lækurinn sker sig niður úr Flóanum vestur í Miðaptanshól, úr hólnum sjónhending í syðri enda Hólmavatns. Þaðan sjónhending í Selá.

Prestbakka, 16. júní 1890.

Páll Ólafsson.

Samþykkur Jón Jónsson (eigandi Mela)

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 27.

Vitnar

SESverrisson

Gjald:

fyrir þinglestur kr. 75^a

fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESV.



Landamerkjaskrá Valdsteinsstaða við Hrútafjörð

Úr Stúfeyrarhöfða í ávalan klett á brúninni sem nefndur er „Bolti,“ en brúnin nefnd Neðriborg. Þaðan í stóran stein utanhalt á Stóruborg, þaðan utanvert við klett á Krókaásnum framarlega og liggur sá ás vestanvert við alla Krókana, þaðan í hól þann norðanvert sem gengur út í Mið-Fylingjavatnið, þaðan í þúfu á hól, sem stendur við tjörn vestan Fylingjavatnsásinn, þaðan í norðurenda á miðju Syðra-Bleiksvatn, úr suðurendanum á Bleiksvatni sjón hending fyrir sunnan Nónskarðahól í Efri Horpustein, þaðan í Kvígugilshól, úr honum í vörðu á brúninni fyrir framan Kvígugil, þaðan beina sjónhending í vörðu, sem stendur við sjóinn milli Markhöfða og Litlahöfða.

Staddur að Bæ, 23. maí 1890

Gísli Magnússon (handsalað) Eigandi Valdasteinsstaða.

Framangreind landamerki samþykkir hvað jörðina Borðeyri snertir S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða.

Sem eigandi og ábúandi jarðarinnar Kjörseyrar. Samþykki jeg framanskráð landamerki Finnur Jónsson.

Sem umráðamaður jarðarinnar Fjarðarhorns Páll Ólafsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júnímán. 1890 og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 28.

Vitnar

S.E Sverrisson.

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESV.



Landamerkjaskrá Borðeyrar við Hrútafjörð

Úr Stúfeyrarhöfða í ávalan klett á brúninni, sem nefndur er „Bolli,“ en brúnin nefnd Neðriborg; þaðan í stóran stein utanhalt á Stóruborg; þaðan utanvert við klett á Krókaásnum framarlega og liggur sá ás vestanvert við alla Krókana; þaðan í hól þann norðanvert, sem gengur út í Mið Fýlyngjavatnið þaðan í þúfu á hól, sem stendur við tjörn vestan Fýlyngavatnaásinn, þaðan í klett framarlega á nefndum ás uppundan yzta Fýlyngavatni, þaðan í Holmavatn frá Hólmavatni eptir Heilæk til Heyvatns og frá Heyvatni eptir Hrómundará til sjávar.

Hvalreki allur fyrir landi jarðarinnar er eign Gilsbakkakirkju í Mýrasýslu.

Bæ við Hrútafjörð 25. maí 1890.

S.E.Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða

Sem eigandi og ábúandi jarðarinnar Kjörseyrar samþykki jeg framanskráð landamerki
Finnur Jónsson

Sem eigandi jarðarinnar Valdasteinsstaða samþykki jeg framanskráð landamerki
Skúli Magnússon (handsalað)

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júnímán. ~~19. júnímán.~~ 1890 og rituð inn í
landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 29. Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá Laxárdals í Hrútafirði

Landamerki eru þessi:

Laxá frá Rana fram í Tröllkarl. Úr honum eptir Tröllkarlsvísl í Grenshól. Úr honum sjónhending vestanvert við Steinsvatnahæðir í Kolakvísl, eptir henni eins og hún nær. Þaðan í Klaufdalsþúfu, úr henni sjónhending í Eldborg, móts við upptök Landamerkjalækings, eptir honum eins og hann nær. Þaðan beint í Grástein í Leirgróf. Úr honum beint í Grænuþúfu. Úr henni í Rana við Laxá.

Laxárdal 31. Desember 1889

Guðmundur Bjarnason eigandi og ábúandi Laxárdals.

Landamerkjaskrá þessa samþykkir,

Hvað Bæ snertir sem eigandi og ábúandi og Hvað Hlaðhamar snertir sem umboðsmaður
Strandasýslu jarða

SESVerrisson

Landamerkjaskrá þessa samþykkir hvað Sólheima snertir, sem eigandi og ábúandi.

Sigtryggur Finnsson

Sem eigandi og ábúandi Kjörseyrar samþykkir Finnur Jónsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júnim. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulíð 30.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESV.



Landamerkjaskrá Hlaðhamars í Hrútafirði

Landamerki eru þessi:

Laxá uppað svonefndum Rana (Ranakletti) þaðan sjónhending í Grænuþúfu á Hólunum, úr henni í svonefndan Grástein, sem er í Leirgróf þaðan í Landamerkjalæk, eptir honum í Eldborg, þaðan í Seltind úr Seltind ofaneptir Tjarnardalshæðinni í sunnanverða Miðdegisborgina, þaðan í Náttmála bunguna svo ofaneptir há Öxlinni og ofan Hrygginn í Sauðaskjólaklett.

Bæ við Hrútafjörð 31. desember 1889

S.E.Sverrisson umboðsmaður Strandasýslu jarða

Framangreind landamerki samþykkja:

S.E. Sverrisson, eigandi og ábúandi Bæjar.

Guðmundur Bjarnason, eigandi og ábúandi Laxárdals.

Finnur Jónsson, eigandi og ábúandi Kjörseyrar.

Sigrún Pjetursdóttir, ábúandi Hlaðhamars.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. Júnímán. og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 31.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá Bæjar í Hrútafirði

Landamerki eru þessi: Úr kletti þeim, sem er við sjóinn milli Bæjar og Ljótunnarstaða og sem nefndur er Merkisstapi, ræður bein stefna í vörðu á há Nónfjallinu, úr þeirri vörðu í nyrðsta Náttmálahólinn á Sviðunni, þaðan í Sviðuvatn, úr Sviðuvatni eptir lækjarskurði, sem rennur úr því í Svartagil, eptir Svartagili ofan að Bakkaá, eptir Bakkaá í Bakkaárvatn, úr Bakkaárvatni ræður bein stefna í Þrívörður, úr Þrívörðum í Draughóla, úr Draugholum í Klaufdalsþúfuna úr Klaufdalsþúfunni í Eldborg, á móts við upptök Landamerkjálæksins, þaðan í Seltind úr Seltind ofaneptir Tjarnardalshæðinni í sunnanverða Miðdegisborgina, þaðan í Náttmálabunguna ofaneptir há-Öxlinni og ofan Hrygginn í Sauðaskjólaklett.

Bæ, 31. desember 1889.

S.E. Sverrisson, eigandi og ábúandi Bæjar.

Ofangreind landamerki samþykkjar

S.E. Sverrisson, umboðsmaður Strandasýslujarða.

Samþykkir hvað snertir jörðina Hlaðhamar Guðmundur Bjarnason, eigandi og ábúandi Laxárdals. Sigríður Pjetursdóttir, ábúandi Hlaðhamars.

Páll Ólafsson, prestur að Prestsbakka umráðandi Ljótunnarstaða.

Sigtryggur Finnsson, eigandi Sólheima.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 32. Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson

[á spássíu:] Jörðinni fylgja 2 varphólmar í Hrútafirði nefndir Bæjarey og Baldhólmi og við sker fyrir landinu er dálítil vorkópaveiði.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 33.

Landamerkjaskrá fyrir Ljótunnarstöðum

Að utanverðu ræður Bakkaá upptil Svartagils, að ofanverðu Svartagil í Sviðuvatn ^{að framanverðu} sjónhending úr Sviðuvatni yfir Náttmálahóla í vörðu þá er stendur á hæztu Nónfjalli og þaðan sama sjónhending í Merkjastapa við sjó niður.

Prestbakka 14. júním. 1890

Páll Ólafsson

Samþykkur S.E. Sverrisson eigandi og ábúandi Bæjar.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júní og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 33.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Prestsbakka í Bæjarhreppi í Strandasýslu. –

Að utanverðu ræður Fossá og Fossárvatn.

Að ofanverðu milli Hrafnadals og Prestbakka ræður sjónhending úr Steini þeim í Fossárvatni, er álitill er hornmark milli Hrafnadals, Prestbakka og Kollár, suður yfir holtin og í Landamerkjalæk svonefndan, þar sem hann sker sig niður gegnum sljetta breið lítið eitt ofar en eingjastykkið Spotti í Prestbakkalandi, skagar lengst vestur (uppeptir), og ræður Landamerkjalækur síðan merkjum ofaní Bakkaá, en Bakkaá til sjávar.

Prests^bkirkja á þessi tvö ítök:

Allan reka milli Fossár og Kollár og Selstöðu í Geldingafelli í Hrafnadalsslandeign.

Prestsbakka 30. maí 1890

Páll Ólafsson

Sem eigari Hrafnadals samþykkir Jens Jónsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 34.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hrafnadal við Hrútafjörð

Að neðanverðu frá Landamerkjalæk ræður Bakka á merkjum í Bakkaárvatn vestan til, þaðan í Snjófannaás eptir há-Snjófannaásnum í vörðubrot norðantil á honum, sjónhending úr vörðunni í landsuðurshornið á Stóra-Fiskivatninu og ráða vötnin og Fiskivatnaskvísl merkjum til Hvalsár, Hvalsá ræður að Helgukvísl úr Helgukvísl í Helguhól og sjónhending úr honum í Merkistapavörðu, þaðan sjónhending í Stein í Fossárvatni, úr steinunum sjónhending í Kaprúnsdal, þar sem jarðfoldⁱⁿ nú eru, í lækinn utarlega í dalnum og ræður sá lækur í Bakkaá.
Hrafnadal, 19. júní 1890.

Fyrir hönd eiganda Hrafnadals Jón Aðalsteinn Jónasson ábúandi.

Með þeirri athugasemd að Prestsbakkakirkja á selstöðu í Hrafnadalssandi samþykkir Páll Ólafsson prestur að Prestsbakka.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júnímán. 1890 og rituð inní landmerkjabók Strandasýslu undir tölulið 35.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá Kollsár við Hrútafjörð.

Að sunnan sem Fossá rennur úr vatni sínu ofan Fossárdal beint upp á Merkistapa, sem þar stendur fyrir ofan, þaðan sjónhending í norður í svo kallaðann Drífanda, þaðan hið beinasta norður að Hvalsá, þaðan sjónhending til austurs í Nóntindinn, þaðan sjónhending í vörðu á Kollsárhæðum, þar sem Nóntindur sjest fyrst þegar komið er framan hæðinnar, þaðan í Þrívörður, úr Þrívörðum í Landamerkjaholt (Einstæðingsholt), þaðan í 2 þúfur við sjóinn á grundinni fyrir neðan almenningsgötuna. Þar sem við þarf verða hlaðnar landamerkjavörður.

Kollsá við Hrútafjörð 14. maí 1890

Jón Tómasson

Framangreind landamerki samþykkir hvað ~~hvað~~ Litlu-Hvalsá snertir S.E. Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða.

Sem eigari Hrafnadals samþykkir Jens Jónsson.

Sem umráðamaður Prestsbakka Páll Ólafsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 36.

Vitnar

S.E Sverrisson.

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá Litlu Hvalsár í Hrútafirði

Milli Stóru Hvalsárlands ræður áin Hvalsá merkjum alla leið frá sjó.

Milli Kollsárlands eru landamerki þessi:

Við sjóinn 2 þúfur á grundinni fyrir neðan veginn, þaðan sjónhending í Landamerkjaholt (Einstæðingsholt), þaðan sjónhending í Þrívörður, úr Þrívörðum sjónhending í vörðu á Kollsárhæðum, þar sem Nóntindur sjest fyrst þegar komið er framan hæðirnar, úr þeirri vörðu sjónhending í Nóntind, úr Nóntind í Hvalsá, þar sem drífanda ber undan í hásuður.

Þar sem við þarf verður hlaðnar landamerkjavörður.

Bæ í Hrútafirði í maím. 1890.

SESverrisson Umboðsmaður Strandasýslugarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ 19. júním 1890 og rituð inní landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 37.

Vitnar

S.E Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 38.

Landamerkjaskrá Skálholtsvíkur í Hrútafirði

Landamerki Skálholtsvíkur er eins og Víkurá ræður framað Landamerkjalæk, sem kemur ofan hjá Seltindi, þaðan sjónhendingu sunnantil í Langafell og þaðan sjónhending í Fjárbungur og eptir þeim eins og vötnum hallar vestur á Sandfell og úr Sandfellskolli í vörðu á Litlafelli og úr Litlafelli í vatn á hryggnum og þaðan eins og vötnum hallar í Eldborg, þaðan í vörðu vestan til á Höfðarond, frá þeirri vörðu beint ofan á Þórhildarklif.

Jón Þórðarson, Ragúel Ólafsson Jón Bjarnason

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Bæ, 19. júnimán. 1890 og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 38.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Brodd^danesi í Fellshreppi í Strandasýslu

1. Að austan og sunnanverðu ræður Broddá merkjum frá sjó til fjalls fram til ^{ad}, Valdalæk fyrir framan Djúpavatn, síðan ræður lækur þessi þar til hann skiptist í tvent uppá brúninni fyrir framan Stórubungu, þaðan sjónhending í Agötuhól og frá Agötuhól beina sjónhending eptir vörðum sem settar eru þar sem vötnum hallar út í Stóruvörðu á Selbungu, þaðan sjónhending í upptök landamerkjalæks, síðan ræður lækur þessi merkjum ofan í hlíðarlöggina, en það ræður gamall lækjarfarvegur til sjóar austantil við svokallaða Landamerkjaeyri. Þess skal getið að Broddanes á allan hálfan reka frá ofanskrifuðum lækjarfarveg fram að læk, sem er að sunnanverðu við Landamerkjaeyri, rennur lækur þessi milli tveggja kletta, sem merktir eru með B að norðan en S að sunnan.

2. Hólmar, eyjar og sker, sem jörðinni fylgja eru: Fannasker, þar útaf er Erlendsboði, þar útaf Æðarsker, þar útaf Innri Djúpflögur, ausur af Æðarskeri eru Rifgirðingar og Klakkar. Norðaustur af Rifgirðingum eru Dyrhólmi, þar norður af er Litla- og Stóra-Broddnesey, austur af henni er Þernuhólmi og Þernuhólmasker þar austur af er Hvalsker; norðaustur af Broddanesey eru svokallaðir Skottar, þar beint vestur af eru svokallaðar Djúpflögur. Auk ofangreindra hólma og skerja eru ýms fleiri sker, sem jörðinni tilheyra, en ekkert sjerstakt nafn hafa.

Broddanesi, 10. júní 1890

Sem eigandi og ábúandi Jón Magnússon

Vegna Ennis L. Jónsson

Vegna Broddadalsár B. Jónsson

Sem eigandi að Kollafjarðarnesi og Þrúðardals G. Bárðarson

Sem umráðamaður Stóra-Fjarðarhorns G. Bárðarson

Sem ábúandi Bræðrabrekku Kristjana Jónsdóttir

Vegna Hvítuhlíðar Ólöf Helgadóttir

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 39. Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Óspakseyri í Óspakseyrarhreppi

Að utanverðu ræður Krossá landamerkjum á milli Óspakseyrar, Hvítuhlíðar, Grafar og Einfættingsgils í Krossárvatn. Milli Óspakseyrar og Kleyfa bein sjónhending úr ~~Baulu. Milli Snartartungu og Óspakseyrar~~ ræður Mjóadalsá lækjarósi, sem rennur í austnorðurhorn Krossárvatns í þrjá standa í austurenda á Lambafelli, og frá þeim í Mjóadalsá sjónhending í Baulu. Milli Snartartungu og Óspakseyrar ræður Mjóadalsá ofan að Neðstagili sunnanvert í Mjóadal, síðan gilið beint upp og sjónhending á hæstu hæð þar uppá fjallinu, síðan eptir hæðunum út í Rauðalæk og úr brúninni þar sem Rauðilækur kemur ofan sjónhending í pytt, sem er utanvert við Breiðeyri á móts við sandhrygg og sama sjónhending í Tunguá, þaðan ræður Tunguá til sjóar landamerkjum milli Eyrar og Þórustaða. Úr miðjum Tunguárósi, þar sem hún fellur í sjó ræður sjór í miðjan Krossárós. Eyrarsker er varphólmi, sem Eyri á skammt fyrir innan Krossá og reka ítak fyrir Þambárvallalandi frá Þambá og að kletti þeim, sem aðskilur Þambárvalla og Þórustaðaland.

Skriðnesenni 10. júní 1890

Eigendur Óspakseyrar: L. Jónsson Magnús Jónsson

Vegna Hvítahlíðar Ólöf Helgadóttir

Vegna Grafar Einar Einarsson.

Vegna Tungu Einar Þórðarson

Vegna Þórustaða Ólafur Magnússon

Vegna Einfættingsgils Arnor Árnason

Vegna Kleifa Eggert Jónsson

Lesin upp fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júní 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 40.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerki fyrir jörðinni Hlíð liggjandi í Fellshreppi innan Strandasýslu

Að framan ræður gil, er kallað er Deildargil og hefur upptök ~~sín~~ undan svokölluðum Þrepsköldum og í vörðu á nefndum Þrepsköldum og beint yfir í lækjarfarveg í svonefndu Spákonufelli og beint í vörðu upp á nefndu felli og úteptir brún þess eptir því, sem hallar í vörðu á ytri enda þess og beint í í Þrívörðu við upptök á svokölluðu Tómagili og úr nefndu gili beint á Forvaðabrún (eptir því, sem sett merki sýna) í hæztu forvaðahyrnuna yfir mestu ófærunni og beint fram.

Kirkjubóli, 26. Apríl 1888

J. Einarsson eigandi og umboðsmaður eiganda ½ Hlíðar

p.t. Broddanesi, 24. júní 1890

S.E Sverrisson, Guðjón Guðlaugsson, L. Jónsson umsjónarmenn Eiríks Ólafssonar styrktarsjóðs.

Ofanskrifuðum landamerkjum er jeg samþykkur G. Bárðarson

J. Guðmundsson ábúandi á Þorpum.

A. Sigurðsson ábúandi á Heydalsá.

Jón Magnússon búandi á Litla Fjarðarhorni

Guðmundur Jónsson búandi á Hlíð.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi, 24. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 41.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E.Sverrisson



Merki að Litla Fjarðarhornslandi í Kollafirði eru þessi:

1. Milli Hlíðar og Litla Fjarðarhornslands er Deildin neðan frá sjó og ^{upp} úr Deildarskarðinu, og svo úr Deildarbotninum beint í stóra Þúfu skammt þaðan, síðan beint úr Þúfunni í vörðu á hinum svokölluðu Þröskuldum og þaðan í jarðfallslæk í Fellinu og úr jarðfallinu í vörðu upp á Fellinu.
2. Milli Heydalsár og Litla Fjarðarhornslands ræður frá fyrnefndri vörðu á Fellinu þar sem vötnum hallar að Hvalsárdal þar til kemur á móts við upptök Kofaholtslækjar.
3. Milli Ljufustaða og Litla Fjarðarhornslands ræður áðurnefndur Kofaholtslækur, (sem rennur að framanverðu við Kofaholt) í Hvalsá, þaðan ræður bein sjónhending eptir hlöðnum vörðum yfir Bunguna upp á hraun og svo beint eptir vöðum yfir Miðaptans breiðar ofan á brún í vörðu er þar stendur á holti að utanverðu við Stekkjarlæk, þá úr henni beint eptir vörðum suður á Háamelshorn í torfuvörðu; er þar er hlaðin og svo beint í Fellsá um vörðu er stendur við ána (varða þessi getur að vísu farið í Fellsá, enn stað hennar ^{má ætíð finna}, því hún stendur á skurðardepli ^{merkja} línanna, sem ákveða farveg árinna milli Fells og Litla-Fjarðarhorns og Ljufustaða og Fells)
4. Milli Fells og Litla-Fjarðarhornslands ræður Fellsá frá fyrnefndri vörðu til sjávar, en þar eð hún hefur breitt og breytir árlega farveg sínum eru merkin ákveðin eptir línu, er hugsast dregin neðan frá sjó um vörðu í Ljufustaðanesi, beint í Miðhúsagilsfossinn og eru grillur hlaðnar um eyrarnar eptir þeirri línu.

Veiði í Fellsá eiga báðar jarðirnar eins og hún ein rjeði landamerkjum hvernig sem farvegur hennar breytist framvegis.

Í umboði eigenda og umráðenda jarðarinnar Litla Fjarðarhorns.

Kollafjarðarfjarðnesi, 20. júní 1890

G. Bárðarson

Sem ábúandi og í umboði eigendanna að jörðinni Ljufustöðum, er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum. Guðjón Guðlaugsson.

Sem ábúandi og í umboði eigendanna að Felli í Kollafirði er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum. Arnór Árnason.

Sem umráðandi og í umboði eigendanna að jörðinni Hlíð er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum. S.E.Sverrisson. Guðjón Guðlaugsson L. Jónsson Umsjónamenn Eiríks Ólafssonar Styrktarsjóðs.

Sem ábúandi og í umboði eigenda jarðarinnar Heydalsár í Tungusveit er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum. Á. Sigurðsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi, 24. júnímán 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 42. Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

S.ESverrisson



Merki að Steinadalslandi í Kollafirði eru þessi:

1. Milli Steinadals og Ljufustaða ræður lækur sem kallaður er Landamerkjælækur neðan fra Fellsá og upp á brún, en vegna þess að lækur þessi gæti breytt farveg sínum, er hlaðin varða við mynni lækjarins á árbakkanum og er bein lína úr henni upp í sunnið þar fyrir ofan, en vegna þess að lækurinn ekki er alstaðar greinilegur í Hvammahlíðinni eru þar hlaðnar 2 vörður og ræður bein lína milli þeirra, en frá upptökum lækjarins ræður bein lína uppeftir hrauninu.
2. Milli Heydalsár og Steinadalslands ræður eptir því sem vötnum ^{hallar} að Steinadals Norðdal.
3. Milli Gestsstaða og Steinadalslands ræður bein lína af austari Norðdalsbrún ofan á svo kallaða Þröskulda milli Gestsstaða og Steinadals Norðdals eptir því sem vötnum hallar að Steinadals Norðdal þar til Norðdalsá tekur ^{dalinn} við á miðjum Þröskuldum það ræður fyrnefnd á ofan þar til hún fellur í Vatnadalsá.
4. Milli Tinds og Steinadalslands ræður Vatnadalsá suður að vötnum.
5. Milli Brekku í Gilsfirði og Steinadalslands ræður eptir því, sem vötnum hallar norður austur eptir fjallinu austur á Vatnsholt á Steinadalsheiði.
6. Milli Fells og Steinadalslands ræður Rjúpnadalsá af Vatnsholti og ofan Fellsá, þá ræður Fellsa ofan að merkjum Steinadals og Ljufustaða.

Veiði í Fellsá eiga báðar jarðir þar hún ein ræður landamerkjum.

Í umboði eigenda og umráðenda að ½ jörðinni Steinadal í Kollafirði.

Smáhömrum 21. júní 1890

Björn Halldórsson.

Sem ábúandi og í umboði eigendanna að jörðinni Heydalsá í Kirkjubólshreppi er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum Á. Sigurðsson

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg samþykkur sem ábúandi Fells og í umboði eigendanna, að því undanteknu, að áin má ekki ráða merkjum nema ofanundir Steinadal, en úr því ræður sjónhending frá Landamerkjælækjarósum á rjettina, unz sú lína fellur í ána fyrir framan og neðan Steinadalsbæ Arnór Árnason

Sem ábúandi og í umboði eigenda að Ljufustöðum er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum Guðjón Guðlaugsson

Vegna þess að hvorki jeg nje ^{eður} aðrir ábúendur Steinadals vissum að farvegur Fellsár væri svo óákveðinn sem hann máske sje skrifaði jeg að hún ein rjeði merkjum milli Fells og Steinadals, en sje svo að farvegur árinna sje svo breytilegur, að ekki sje gjörlegt að láta hana eina ráða merkjum, er jeg undir skrifaður samþykkur að sjónhending ráði eins og hjer að ofan er skrifað. Björn Halldórsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi, 24. júnímán. 1890 og rituð í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 43. Vitnar S.E Sverrisson.

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

S.ESverrisson



Merki að Ljufustaðalandi í Kollafirði eru þessi:

1. Milli Fells og Ljufustaðalands ræður Fellsá frá vörðu, sem hlaðin er við mynni á Landamerkjalæknum, sem aðgreinir Steinadals og Ljufustaðaland að vörðu sem stendur fyrir neðan Háamel, en þaræð farvegur árinna getur breytt sjer og breytir sjer árlega eru landamerkin eða farvegur árinna ákveðin a) eptir línu sem hugsast dregin frá fyrnefndri vörðu að Landamerkjalæk í vörðu fremst á Breiðeyrar odda og b) línu frá þeirri vörðu í svokallaða Snoppu í Ljufustaðatúninu og ræður sú lína merkjum heim að túninu á Ljufustöðum, en fyrir neðan túnið á Ljufustöðum tekur við lína c), sem hugsast dregin af fyrnefndri Snoppu í vörðu neðantil í Fellstúni, unz hún sker í sundur línu d) sem hugsast dregin frá Efra felli um vörðu á Skildi í áðurnefnda vörðu undir Háamelshorni. Varða þessi getur að vísu farið í Fellsá, en stað hennar má ætíð finna ^{því hún stendur} á skurðardepli merkja línanna Fells og Litla Fjarðarhorns og þessarar síðar nefndu línu d). Veiði í Fellsá eiga báðar jarðirnar eins og hún ein rjeði landamerkjum.

2. Milli Litla Fjarðarhorns og Ljufustaðalands ræður sjónhending úr vörðunni undir Háamelshorni um vörðu á melshorninu og beint þaðan eptir vörðum, í vörðu er stendur á brúninni að ^{utan} ofan verðu við Stekkjarlæk og svo þaðan beint eptir vörðum yfir Miðaptansbreiðar upp á hraun og þaðan beint eptir vörðum yfir Bunguna ofan í Hvalsá á móts við mynni á Kofaholtslæk þá ræður lækur þessi, (sem rennur ^{að} framanverðu við Kofaholt), upp á Fell.

3. Milli Heydalsár og Ljufustaðalands ræður eptir því sem vötnum hallar að Hvalsárdal og fyrir daldrögin upp á háhraunið gegnt Landamerkjalæk.

4. Milli Steinadals og Ljufustaðalands ræður bein lína af hrauninu ofan á brúnina, þar sem Landamerkjalækur hefur upptök sín síðan lækur um ofan í Fellsá, en þar eð farvegur ^{hans} hennar er mjög ^{óljós} á kafla í Hvammahlíðinni, þá eru hlaðnar 2 vörður sín við hvorn enda á kafla þessum og ræður merkjum bein lína milli þeirra. Sömuleiðis er hlaðin varða við mynni lækjarins á árbakkanum og er lína úr henni uppí sunðið þar fyrir ofan, sem lækurinn fellur gegnum, landamerki á þeim kafla, þar eð lækurinn getur auðveldlega breytt farveg sínum þar niður frá.

Sem ábúandi og í umboði eigendanna að jörðinni Ljufustöðum í Kollafirði.

Ljufustöðum, 20. júní 1890

Guðjón Guðlaugsson

Sem ábúandi og í umboði eigendanna að Felli, er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum.

Arnór Árnason

Sem umboðsmaður eiganda og umráðanda að jörðinni Litla Fjarðarhorni í Kollafirði er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum

G. Bárðarson

Sem ábúandi og í umboði eiganda að jörðinni Heydalsá í Tungusveit er jeg samþykkur framanskriðuðum landamerkjum.

Á. Sigurðsson

Sem eigendur og umráðendur að jörðinni Steinadal erum við samþykkir framanskriðuðum landamerkjum.

Björn Halldórsson

Daði Bjarnason



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 44.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald fyrir þinglestur kr. 75^a

Gjald fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.ESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stórafjarðarhorni í Fellshreppi í Strandasýslu.

1. Milli Stórafjarðarhorns og Broddanes eru merki frá sjó eptir gömlum lækjar farveg (sem er austanvert við svokallaða Landamerkieyri) þessi farvegur ræður merkjum uppí hlíð þar til kemur lækur, sem ræður upp á brún, þaðan bein sjónhending í stóra vörðu á Selbungu, svo eptir vörðum sem settar eru þar sem vötnum hallar fram Selbungu og Stórubungu fram á Agötuhól.

2. Milli Stórafjarðarhorns og Þrúðardals eru merki: Af Agötuhól bein sjónhending eptir vörum, sem settar eru ofaná Þrílækjabrún, svo ræður Miðlækur ofaní hlíðarlögg, þaðan eptir vörðum beint í Þrúðardalsá. Eptir það ræður áin merkjum til áross, síðan eptir miði sem sett er á svonefndri Jónseyri á sjó fram.

Ath.) Fyrir vestan Þrúðardalsá er hólmi með 3 vörðum, sem jörðinni fylgir, nefndur Fjarðarhornshólmi, þar ræður gamall farvegur, og trett fyrir ofan hólma þennan er hólmi fyrir austan ána tilheyrandi Felli og hefur hún nýlega brotið hann af Jónseyri; þar ræður einnig gamli farvegurinn og er settar grillur við hann. Þess skal getið að Broddanes á allan hálfan reka frá gömlum lækjarfarveg, sem er austan til við svokallaða Landamerkjaeyri innað læk, sem rennur milli tveggja kletta, sem merktir eru með B að norðan en S að sunnan.

Stórafjarðarhorni 1. júní 1890

G. Bárðarson umboðsmaður Stórafjarðarhorns)

Sem eigandi Þrúðardals er jeg samþykkuur	G. Bárðarson
Sem eigandi og ábúandi Broddaness	Jón Magnússon
Ábúandi Fells og í umboði eigendanna	Arnór Árnason

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 45.

Vitnar
S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Broddadalsá í Fellshreppi í Strandasýslu

1. Milli Broddadalsá og Skriðnesenni eru merki. Tanga oddi sem liggur framúr fremri Stigaklett og upp í klettarana, sem liggur af neðri Stigaklett og upp á höfðasnös, þaðan sjónhending í Sjónarhól og frá þeim hól fram hæztu hæðir að Ennisvatni eptir því sem vötnum hallar að Broddá og að Ennisvatni að norðanverðu; úr Ennisvatni ræður lækur merkjum ofan í Broddá.

2. Milli Broddadals og Broddanes ræður Broddá merkjum til sjóar.

Reki í Ólafsvík, sem er næsta vík fyrir utan Sýruvík tilheyrir Fellskirkju.

Broddadalsá 20. júní 1890

Brynjólfur Jónsson ábúandi Broddadalsár.

Samþykkir vegna Broddaness Jón Magnússon

L. Jónsson ábúandi á Enni.

Lesin fyrir manntalsþingrjetti að Broddanesi 24. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 46.

Vitnar S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.ESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þrúðardal í Fellshreppi í Strandasýslu

1. Milli jarðanna Þrúðardals og Stóra-fjarðarhorns eru merki frá vörðu á árbakkanum og upp í holt það, sem næst er Þrúðarhól að austanverðu og frá því holti beina línu uppí miðlækinn af þeim svonefndu Þrílækjum, og ræður sá lækur merkjum uppá brún, en af brúnarröndinni er bein sjónhending í Agötuhól.
2. Milli Þrúðardals og Broddaness, eru merki frá Agötuhól í beina línu ofan í vörðu við svokallaðan Valdalæk
3. Milli Þrúðardals og Grafar ræður Broddá merkjum til upptaka
4. Milli Þrúðardals og Einfættingsgils eru merkin frá upptökum Broddár og fram háfjallið, þar sem vötnum hallar á báðar hliðar framundir fremri Haugbjörg.
5. Milli Þrúðardals og Felleignar eru merkin af Haugbjargabrúninni fremri og í upptök Axlarkvíslar og skiptir sú kvísl löndum þar til hún rennur í Þrúðardalsá. Eptir það ræður Þrúðudalsá merkjum til vörðu þeirrar, er stendur á árbakkanum austanvert við Þrúðarhól. Aths) Þess skal getið að hin svokallaða Hólaeyri á Mókollsdal fylgir Þrúðardalslandi.

Kollafjarðarnesi 1. maí 1890

G. Bárðarson

Samþykkir vegna Einfættingsgils Arnór Árnason

Vegna eiganda jarðarinnar Grafar Sigurjóns Jónssonar Eggert Jónsson

Sigríður Jónsdóttir, eigandi að Stóra fjarðarhorni.

Sem ábúandi og að nokkru leyti eigandi Broddaness Jón Magnússon.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júnímán. 1890 og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 47.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Einfætingsgili í Óspakseyrarhreppi

1. Á milli Einfætingsgils og Óspakseyrar ræður Krossá merkjum frá Landamerkjagils-ósi fram í Krossárvatn.
2. Á milli Einfætingsgils og Kleifa í Gilsfirði eru merkin eptir því, sem vötnum hallar suður og norður af frá Krossárvatni norðanverðu beint upp á brunann
3. Að vestan á milli Einfætingsgils annarsvegar og Fells og Þrúðardals hins vegar eru landamerki eptir háhrauninu eins og vötnum hallar til Mókollsdals og Krossárdals.
4. Á milli Einfætingsgils og Grafar ræður Landamerkjagil frá því það fellur í Krossá beint á móti Krossárbakka upp á brúnina. Þar er hlaðin varða við syðsta farveginn og eru merkin frá henni eptir vörðum beint uppá hálsinn sunnanvert við gilið, og frá efstu vörðunni ræður sjónhending beint upp háhæðirnar sem eru fram og upp af Langavatni.

Sem umráðamaður Tröllatungu^{kirkju}eigna upp á væntanlegt samþykki
stiptysfirvaldanna

Felli 18. júní 1890

Arnór Árnason

Vegna eiganda Grafar Sigurjóns Jónssonar,

Eggert Jónsson.

Vegna Óspakseyrar

L. Jónsson.

Eggert Jónsson, eigari Kleifa. G. Bárðarson eigari Þrúðardals.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi: 24. júnímán. 1890 og rituð inn í
landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 48.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gröf í Óspakseyrarhreppi í Strandasýslu

1. Milli Grafar og Einfætingsgils ræður svokallað Landamerkjagil neðan frá Krossá og upp í vestasta gilfarveginn á hlíðarbrúninni, svo eptir vörðum sem hlaðnar eru uppeptir hálsinum og frá þeirri efstu sjónhending í hæztu hæðirnar fyrir norðan Kálfadal.
2. Milli Grafar og Þrúðardals eru merki frá upptökum Broddár ofan að svonefndum Hvolfshryggsenda, þaðan sjónhending í Þrívörður.
3. Milli Grafar og Hvítuhlíðar eru merki frá Hvolfshryggsendanum sjónhending ofaní Þrúðarvörðuholt, svo ofan ása eptir vörðum, sem hlaðnar eru alla leið að stórum steini, sem stendur á vestari Gilsbarminum og er sá steinn merktur með G. og H. Þaðan ræður svo kallað Landamerkjagil ofaní Krossá.
4. Milli Grafar og Óspakseyrar ræður Krossá landamerkjum.

Gröf 23. júní 1890

Einar Einarsson.

Eptir umboði frá eiganda Grafar Eggert Jónsson

Vegna Einfætingsgils uppá væntanlegt samþykki stiðtsyfirvaldanna

Arnór Árnason

Ólöf Helgadóttir eigandi Hvítuhlíðar.

Vegna Eyrar L. Jónsson.

G. Bárðarson eigandi að Þrúðardal.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júnímán. 1890 og rituð inn í
landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 49.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hvítuhlíð í Óspakseyrarhreppi í Strandasýslu

1. Milli Hvítuhlíðar og Grafar ræður svonefnt Landamerkjagil frá Krossá upp fyrir brún að stórum steini, sem merktur er með H. og G. Þaðan sjónhending ~~eptir~~ upp ása eptir vörðum, sem hlaðnar eru alla leið uppað Þrívörðum, þaðan sjónhending í Hvolfs hryggsendann,

2 Milli Hvítuhlíðar og Broddanes ræður Broddá landamerkjum

3 Milli Hvítuhlíðar og ~~Bræðrabrekku~~^{Broddanes} ræður Broddá merkjum ofan vörðu sem stendur á syðri árbakka, frá þeirri vörðu beina sjónhending eptir vörðum til upptaka Deildarlækjar, síðan ræður Deildarlækur ofan að dýpsta farveg í klettabrún, sem er skammt frá sjó, úr þeim farveg bein sjónhending í vörðu á miðjum hólma við sjóinn.

Hvítuhlíð 23. júní 1890

Ólöf Helgadóttir (eigandi jarðarinnar)

Kristína Jónsdóttir, ábúandi Bræðrabrekku

Eigandi og ábúandi Broddaness, Jón Magnússon

Vegna Eyrar L. Jónsson

SE Sverrisson umboðsmaður Strandasýslu jarða

Vegna Grafar. Einar Einarsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 50.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Fell í Kollafirði

1. Á milli Fells og Stóra Fjarðarhorns ræður Þrúðardalsá merkjum neðan frá sjó fram þangað, sem Þrúðardalsland tekur við. Þó er ^{nú} nokkur hluti Jónseyrar, sem tilheyrir Felli, að austanverðu við ána, þar hún hefur nýlega brotist í gegnum eyrina. Rjett fyrir neðan Jónseyri er lítill hólmi nefndur Fjarðarhornshólmi tilheyrandi Stóra Fjarðarhorni, en er nú vestanvert við ána. Á báðum þessum stöðum er hinn forni farvegur látinn ráða, og eru hlaðnar grillur með fram honum.
 2. Á milli Þrúðardals og Fells ræður Þrúðardalsá þar til í hana austanverða fellur Axlarkvísl, er rennur ofaná milli Axlarinnar og Hólanna, en eptir það ræður kvíslin að upptokum sínum, og þaðan sjónhending beint upp á háhraun. Eyri sú, er myndast á milli árinna og kvíslarinnar, fyrir neðan Hóla, er talin í Þrúðardalslandi
 3. Á milli Fells of Einfættingsgils eru landamerki eins og vötnum hallar til Mókollsdals og Krossárdals.
 4. Á milli Fells og Kleifa í Gilsfirði eru merkin eptir því sem vötnum hallar til Gilsfjarðar og Kollafjarðar, austanaf brún fyrir framan Mókollsdal vestur á Vatnsholt á Steinadalsheiði. Á milli Fells annarsvegar ^{Litla Fjarðarhorns, Ljufustaða} og Steinadals hinsvegar ræður Fellsá neðan frá sjó fram í Þórarinsdal þar sem Rjúpodalsá fellur í hana, en þar eð Fellsá hefur breytt og breytir árlega farveg sínum, þá eru merkin sett eptir sjónhendingu og miðum í og utan við hinn núverandi farveg árinna svo sem hjer greinir:
 5. Á milli Fells og Litlafjarðarhorns ræður neðan frá sjó þangað til Ljufustaðaland tekur við, lína, er hugsast dregin frá Miðhúsafossinum um vörðu í Ljufustaðanesi beint til sjávar og eru grillur hlaðnar á eyrunum eptir línu þessari sem fellur í oddann þar sem Fells- og Þrúðardalsá koma saman.
 6. Á milli Fells og Ljufustaða ræður: ^a lína er hugsast dregin frá skurðardepli merkjalínanna milli Fells og Litlafjarðarhorns og Litlafjarðarhorns og Ljufustaða, í stefnu á Efracell um vörðu á Skildi, uns hun sker línuna ^b, er hugsast dregin frá vörðu neðantil á Fellstúninu fremst á svonefnda Snoppu, sem er rjett fyrir ofan bæinn á Ljufustöðum, og ræður þessi lína merkjum frá skurðdepli sínum við línuna ^a framí ána rjett fyrir neðan Ljufustaðatúnið: Síðan ræður áin sjálf fram fyrir Ljufustaðatúnið unz í hana fellur lína, er hugsast dregin fremst af Snoppu í vörðu á Breiðeyrarodda og ræður sú lína merkjum frá því hún kemur í ána á fyrgreindum stað, fram á Breiðeyri. Loks ræður lína, er hugsast dregin frá vörðunni á Breiðeyri í vörðu, sem hlaðin er við ósinn á Landamerkjælæknum, milli Ljufustaða og Steinadals.
 7. Á milli Fells og Steinadals ræður lína, er hugsast dregin frá vörðunni við Landamerkjælækjarósinn beint á rjettina, unz hún fellur í ána fyrir framan Steinadal, en eptir það ræður áin sjálf, uns í hana fellur Rjúpnadalsá, síðan ræður Rjúpnadalsá að upptökum sínum og loks sjónhending þaðan á Vatnsholt.
- Veiði í Fellsá eiga ofannefndar jarðir að rjetti tiltölu eins og áin ein rjeði merkjum.

Í umboði eigenda Fells

Felli 17. júní 1890

Arnór Arnason



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samþykkir vegna Einfættingsgils: Arnór Árnason

Samþykkir vegna eigenda Ljufustaða: Guðjón Guðlaugsson

Samþykkir Eggert Jónsson, eigandi Kleifa.

Samþykkir Sigríður Jónsdóttir eigandi Stórafjarðarhorns.

Sem ábúandi Steinadals

Samþykkir Björn Bjarnarson Guðm. Jónsson.

Samþykkir G. Bárðarson, eigandi Þrúðardals og í umboði eigenda Litlafjarðarhorns.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Broddanesi 24. júnímán. ¹⁸⁹⁰ og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 51.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



N^o 52 Kirkjubólspinghá
Landamerkjaskrá fyrir Húsavíkurlandi

1. Milli Húsavíkur og Heiðarbæjar er svonefndur Kleifalækur, sem hefur upptök sín uppundir svonefndum Mjóadal og rennur til sjávar og úr Mjóadal sjónhending í svokallaðan Tjarnarhól, nú sett merki

2 Milli Húsavíkur og Tungugrafar er svonefndur Landamerkjalækur neðst í Hrólfsmýri sem rennur til sjávar, en nær mjög stutt frameptir mýrinni, en eptir það sett merki fram að Hleypilæk.

3 Milli Húsavíkur og Tröllatungu ræður Hleypilækur neðan frá Hrólfsmýrarkeldu að torfgrillu sem hlaðin er uppí miðri Hleypilækjarmýrinni, en þaðan ræður sjónhending að grillu, sem hlaðin er við lækjarfarveg fyrir ofan mýrina síðan ræður farvegurinn út og upp í gil í brúninni og frá gilbotninum ræður bein sjónhending eptir vörðum að vörðu, sem hlaðin er á Hraunholti fyrir framan Tjarnarsund.

pt. Kirkjubóli 25. júnímán. 1890

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða

Vegna Tröllatungu og Tungugrafar Arnór Árnason

Vegna Heiðabæjar Hjálmar Jónsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 52.

Vitnar

S.E Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Arnkötludal í Kirkjubólshreppi innan Strandasýslu.

1. Milli Arnkötludals og Tröllatungu eru landamerki frá Fauskhólafossi beina sjónhending um Stórastein á Múlahorn, þaðan í heiðarveginn uppi á Heiðarskarði og eptir það eins og vegurinn ræður suður að vötnum á Tunguheiði
2. Á milli Arnkötludals annarsvegar og Valshamars, Gautsdals og Bæjar í Króksfirði hinsvegar eru landamerki eptir því sem vötnum hallar suður og norður af.
3. Á milli Arnkötludals og Hrófar eru landamerki af Þrívörðuhrygg að sunnan í Íluskarð að norðan og þaðan eins og Sauðgil ræður ofan í Arnkötludalsá, en eptir það ræður áin ofan að Fauskhólafossi.

Sem umráðamaður jarðanna: Arnkötludals og Tröllatungu er jeg samþykkur framanskriðuðum merkjum.

Felli 10. maí 1890

Arnór Árnason

Þessu samþykkir:

Ólafur Sigvaldason (eigandi Bæjar)

Ólafur Eggertsson (eigandi Valshamars)

Í umboði eigenda Hrófar Jón Ívarsson

Sigvaldi Snæbjörnsson ábúandi Gautsdals

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli, 25. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 53.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Heiðarbæ í Kirkjubólshreppi innan Strandasýslu

1. að Austanverðu milli Kirkjubóls, Klúku og Heiðabæjar ræður áin (Miðdalsá) allt neðan frá sjó og fram að merkjum, sem sett eru beina sjónhending ofan úr Fjárlág og í landsuður, og úr Fjárlág upp að svonefndri Nónvörðu, sem stendur á hnjúk yfir svokallaðri Húsadalsbrún, og frá Nónvörðu upp á holthrygg eptir því sem vötnum hallar fram eptir brúninni, fram að merkjum, sem eru millum Tröllatungu og Heiðabæjarlanda og ofan að Tjarnarhól.

2. Að norð^{vest}anverðu er bein sjónhending frá Tjarnarhól ofaní Mjóadal, þar sem Kleifalækur hefur upptök sín og þá skilur Kleifalækur Heiðabæjar og Húsavíkurlönd allt ofaní sjó.

Ofanskrifuðum landamerkjum er jeg sem eigandi jarðarinnar Heiðarbæ samþykkur
Heiðarbæ, 31. maí 1890

Hjálmar Jónsson

Hins vegar skrifuðu landamerkjum erum við samþykkir:

Fyrir Miðdalsgrafarland: Grímur Ormsson

Fyrir Húsavíkurland: S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða

Fyrir Tröllatungu Arnór Árnason

Fyrir Kirkjuból Grímur Benediktsson

Fyrir Klúku Björn Björnsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júní 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 54.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tröllatungu í Kirkjubólshreppi

1. Á milli Tröllatungu annarsvegar og Miðdalsgrafar og Tinds hinsvegar eru landamerki eptir því sem vötnum hallar af Heiðabæjarheiði til Miðdals og Tungudals.
2. Á milli Tröllatungu annarsvegar og Bakka og Valshamars í Geiradals hinsvegar er merkin um Þuravatnshæð vestari í syðri lækinn, sem rennur í Miðey^{heið} arvatn að vestan.
3. Á milli Tröllatungu og Arnkötludals ræður vegurinn á Tunguheiði merkjum norður í Heiðarskarð, þaðan eru merki beint á Múlahornið og af Múlahorninu sjónhending um Stórastein ofan í Faus^hólafoss.
5. Á milli Tröllatungu of Tungugrafar ræður Tunguá frá ármótum upp að Hleypilæk, en eptir það ræður Hleypilækur unz Húsavíkurland tekur við.
4. Á milli Tröllatungu og Hrófár ræður Arnkötludalsá frá Fausk[h]ólafossi ofaní ármót.
6. Á milli Tröllatungu og Húsavíkur ræður Hleypilækur neðan frá Hrólfsmýrarkeldu að torfgrillu, sem hlaðin er upp í miðri Hleypilækjarmýrinni, en þaðan ræður sjónhending að grillu, sem hlaðin er við lækjarfarveg fyrir ofan mýrina, síðan ræður farvegurinn út og upp í gil í brúninni og frá gilsbotninum ræður bein sjónhending eptir vörðum, að vörðu sem hlaðin er á hraunholti fyrir framan Tjarnarsund.
7. Á milli Tröllatungu og Heiðarbæjar ræður sama sjónhending upp á hábrúnina að Miðdalsgrafarlandi.

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg samþykkur sem umráðamaður ^{jarðanna} Tröllatungu og Arnkötludals og Tungugrafar.

p.t. Kirkjubóli 25. júní 1890

Arnór Arnason

Samþykkir:

Fyrir Miðdalsgröf:	Grímur Ormsson
Fyrir Tind:	Jón Jónsson
Fyrir Valshamar	Ólafur Eggertsson
Fyrir Bakka	Jóhann Jónsson
Fyrir Húsavík	S.E. Sverrisson umboðsmaður Str.sýslu jarða
Fyrir Heiðarbæ	Hjálmar Jónsson
Fyrir Hrófá	Stefán Guðmundsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 55.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tind liggjandi í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

Að utanverðu milli Tinds og Miðdalsgrafar eru landamerki úr Þúfu við ána, síðan eptir grillum yfir flóann upp að læk, sem nefndur er Landamerkjalækur, síðan eptir læknum í stefnu á vörðu er stendur á holti neðan til í hlíðinni, þaðan í beina stefnu á hnjúk í brúninni; að ofanverðu á fjallinu ræður stefnan eptir því sem vötnum hallar þar til kemur suður fyrir dalsdrög á svo kölluðum Hraunsdal; síðan til suðausturs í beina stefnu þvert yfir fjallið sunnanvert við Hraundalsdrög yfir á dalsdrög^{brún} á svo kölluðum Vatnadal, svo eptir gili, sem nefnt er Merkjagil, er rennur ofan í Vatnsdalsá sunnanvert við vörðu er stendur við ána og er þá Vatnadalsá og Miðdalsá síðan á þá hlið landamerki.

Tind 14. júní 1890

Jón Jónsson

Þessum landamerkjum samþykkir:

Fyrir Múlaland Eyjúlfrur Bjarnason

Fyrir Tröllatunguland Arnór Árnason

Fyrir Miðdalsgrafarland Grímur Ormsson

Eigandi Geststaða: Daði Bjarnason

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. Júnim. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 56.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tungugróf í Kirkjubólshreppi innan Strandasýslu.

1. Að austan á milli Tungugrafar og Húsavíkur eru landamerkin kelda, sem liggur eptir Hrólfsmýri endilangri neðan frá sjó fram að Hleypilæk, en þar sem keldan er óskýr hafa verið hlaðin glögg merki
2. Á milli Tungugrafar og Tröllatungu ræður Hleypilækur merkjum þar til hann rennur í Tunguá, en eptir ^{það} ræður Tunguá niður að ármótum.
3. Frá ármótunum ræður Hrófá landa merkjum á milli Tungugrafar og Hrófár niður að sjó. Ítök eiga engar jarðir í Tungugrafarlandi, svo kunnugt sje

Framanskriðuðum landamerkjum fyrir kirkjujörðinni Tungugróf, er jeg samþykkur sem umráðamaður hennar og kirkjustaðarins Tröllatungu.

Felli 24. apríl 1890

Arnór Árnason (prestur til Tröllatunguprestakalls)

Framanskriðuðum landamerkjum milli Hrófár og Tungugrafar, er jeg samþykktur sem eigari parts í Hrófá og fyrir hönd hinna annara eigenda hennar.

Hrófárseli 28. apríl 1890

Jón Ívarsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júní 1890, og rituð inní landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 57.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Heydalsá liggjandi í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu:

1. Að innan ræður Hvalvíkurgil upp á brún fyrir vestan Hrafnaborg, svo í hádegisstað suður á Bröttuhlíðarbrún svo fram hábrún sem vötnum hallar að Heydal fyrir vestan Þvergil fram á Þröskulda milli Heydals og Steinadals-norðdals.
2. Að utan ræður Geitalækur upp í Grænkumýri, breytir þá nafni og nefnist Grænkugil upp á brún, svo fram hábrún sem vötnum hallar í vörðu á holti heimantil við Sótagilsbotna svo beint í vörðu upp á Þorpaás fyrir heiman Sótagilsbotna svo beint fram sem vötnum hallar að Heydal, í vörðu norðantil á Spákonufelli svo fram allt sem vötnum hallar að Heydal fram á Þröskulda.

Þessi landamerki hafa verið fyrir Heydalsá síðan 1674 sem lögfestan sýndi.

A. Sigurðsson ábúandi á Heydalsá 1890

Þessum ofanskrifuðu landamerkjum er jeg samþykkur sem eigandi og ábúandi Gestsstaða.
Daði Bjarnason.

Þessum ofanskrifuðu landamerkjum er jeg samþykkur sem eigandi Kirkjubóls
Valgerður Grímsdóttir

Þessum ofanskrifuðu landamerkjum er jeg samþykkur sem ábúandi og umráðamaður
Kirkjubóls Grímur Benediktsson.

Ofanskrifuðum landamerkjum er jeg samþykkur sem ábúandi Smáhamra
Björn Halldórsson

Þessum ofanskrifuðu landamerkjum er jeg samþykkur sem eigandi Smáhamra
Jón Magnússon

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur sem ábúandi Þorpa Jón Guðmundsson.

G. Bárðarson umráðamaður Þorpa

S.E.Sverrisson Umsjónarmenn Eiríks Ólafssonar styrktarsjóðs.

Umboðsmaður hvað Hlíð snertir. G. Bárðarson

Sem ábúandi og í umboði eigenda að Ljúfustöðum í Kollafirði er jeg samþykkur
framanskrifuðum landamerkjum Guðjón Guðlaugsson.

Framanskrifuðu landamerkjum er jeg samþykkur sem eigandi hálfis Steinadals.

Daði Bjarnason

Framanskrifuðum landamerkjum er jeg samþykkur sem umráðamaður eigenda hálfis
Steinadals

Björn Halldórsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júnímán. og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulíð 58

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

SEsverrisson



Landamerki fyrir jörðinni Kirkjubóli liggjandi í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu:

a, Að utanverðu milli Kirkjubóls og Heydalá, Hvalvíkurgil uppá brún, svo sjónhending suður á Heydalsbrún og svo alltaf fram hana fram fyrir Þvergilskrók.

b, Þá taka til landamerki að framan milli Kirkjubóls og Klúku, Miðdalsá ræður fram að svokölluðum Miðgötuhrugg, svo ræður hann upp að Hól, sem er kallaður Sjónarhóll, fyrir ofan hólinn er lítið holt en á því eru dálitlir steinar tveir lítið bil á milli, frá þeim steinum er sjónhending upp í Bungukoll (kölluð Klúkubunga) það lítið á snið fram og uppeptir holtum, sem kölluð eru Háuholt svo sjónhending frá þeim suður í Stórulaut og fram hana að háu holti, sem er fyrir ofan Litluborg, á því er stór Þúfa, og úr henni er sjónhending fram holthrygg sem liggur fyrir ofan áðurnefnda borg og úr þeim hrygg er sjónhending suður í áðurnefnt Þvergil.

Kirkjubóli 25. desember 1890

Eigandi Kirkjubóls Valgerður Grímsdóttir

Ábúandi á Heydalsá: Ásgeir Sigurðsson

Eigandi að Klúku Björn Björnsson

Daði Bjarnason eigandi að Geststöðum

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júním. 1890 og rituð inn í Landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 59.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gestsstöðum liggjandi í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu

Að utanverðu milli Klúku og Gestsstaða eru landamerki eptir læk, sem rennur frá hlíðarlögg ofaní Miðdalsá eptir svokallaðri Reiðlág, síðan frá upptökum lækjarins er bein sjónhending upp hlíðina í vörðu á brúninni, sem nefnd er Dagmálavarða þaðan stefnu á Þúfu, sem stendur á holti á hárrí brún, síðan frá Þúfni eptir holti í tjörn, sem er á fjallinu milli Þvergils og brúnarinnar, svo frá nefndri tjörn í stefnu suður háfjallið á hól, sem nefndur er Stórhóll, síðan frá hólum eptir því, sem vötnum hallar suður á Þröskulda, svo eptir holtahrygg upp hlíðina á hnjúk á syðri Norðdalsbrún, af þeim hnjúk eptir brúninni suður í Melrakkagil, síðan er Miðdalsá landamerki að vestanverðu.

Geststöðum dag. 5. maí 1890

Daði Bjarnason

Þessum landamerkjum eru samþykkir:

Fyrir Klúkuland:	Björn Björnsson
Fyrir Kirkjubólsland	Valgerður Grímsdóttir
Fyrir Heydalsárland	Á. Sigurðsson
Fyrir Steinadalsland	Daði Bjarnason

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 60.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Smáhömrum í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

1. á milli Þorpa og Smáhamralands ræður Skónálargil frá sjó þar til það skiptist í tvent ræður þá vestari kvíslin upp að tveim klettum sem merktir eru með kross standa þeir sunnantil við kvíslina, svo er úr efri klettinum í vörðu á svökölluðum Nónás, sem ræður merkjum úr því
2. Milli Smáhamra og Heydalsár af Nónás þvert ofaní vörðu á eggjabrúninni fyrir framan Grænkugilsbotna og þaðan beint heim brúnina á svokallað Grænkugil ræður það merkjum í Geitalæk, þaðan ræður Geitalækur merkjum til sjávar.

Broddanesi, 6. júní 1890

Sem eigandi Smáhamra Jón Magnússon

G. Bárðarson (umráðamaður Þorpa)

Jón Guðmundsson, ábúandi á Þorpum

Ásgeir Sigurðsson, ábúandi Heydalsár

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg samþykkur sem ábúandi Smáhamra

Björn ~~Björnsson~~^{Halldórsson}

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli, 25. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 61.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Þorpum í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

1. Milli jarðanna Þorpa og Hvalsár eru merkin: Garður frá sjó upp að Grindarklettum og upp eptir klettarröndinni upp á brún, svo vestur eptir brúninni að læk, sem rennur ofaní Þorsteinsstaðaskarð svo sjónhending í vörðu norðast á svokölluðum Hríás, svo eptir hæzta ásnum vestur í svo kallaðan Hríshól.
- 2 Milli Þorpa og Kollafjarðarnes eru merki frá Hríshól beina línu í svokallaðan Tóuhól frá honum í vörðu yzt á Hvammsbrúninni úr henni í stóra rúst sem er á háfjallinu uppaf Hvamminum, úr henni í þrjár vörður, sem eru á háfjallinu austantil við Spákonufell
3. Milli Þorpa og Hlíðar eru merki frá ofannefnd þrem vörðum sjónhending í vörðu á Spákonufelli
4. Milli Þorpa og Heydalsár eru merki frá vörðu á Spákonufelli í vörðu norðan til í Spákonufelli og úr þeirri vörðu eptir vörðum heim á Nónásenda
5. Milli Þorpa og Smáhamra eru merkin heimeptir Nónás í vörðu heimantil á Nonás og úr þeirri vörðu í tvo kletta sem eru merktir með krossi, sem standa sunnantil við vestari kvísl úr Skónálgili og ræður kvíslin heim í Skónálgil og skiptir þá gilið löndum til sjávar.

Staddur að Þorpum 1. júní 1890

G. Bárðarson (umráðamaður)

Sem eigandi Smáhamra Jón Magnússon

Jón Björnsson ábúandi á Hvalsá.

Jón Guðmundsson ábúandi á Þorpum

p.t. Broddanesi 24. júní 1890

S.E Sverrisson, L. Jónsson, Guðjón Guðlaugsson umsjónarmenn Eiríks Ólafssonar
Styrktarsjóðs

Lesin við manntalsþingsrjett að Kirkjubóli 25. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 62.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald fyrir þinglestur kr. 75^a

Gjald fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E.Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Hvalsá í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu.

1. Milli Hvalsár og Kollafjarðarnes eru merki sett eptir miði þar áin breytir farveg sínum árlega og er það varða, sem stendur ofan til við á Kothólnum og á hún að bera í klett, sem er í Melhorninu upp af svonefndum Gullsteinum. Eptir það skiptir áin löndum fram að heimsta vaði og er þar varða á norðari ár bakkanum og úr henni beina línu í Hríshól.
2. Milli Hvalsá og Þorpa eru merki frá ofannefndum Hríshól, frá honum í Hrírás, norður eptir honum hæstum í vörðu norðast á Hrírás og frá henni ofaná brún í læk sem rennur ofan Þorsteinsstaðaskarð, svo út lábrúnina út að Grindarklettum og ofan Grindaklettarröndina í garð, sem er frá Grindarklettum í sjó.

Kollafjarðarnesi, 4. júní 1890

G. Bárðarson (umráðamaður Hvalsá)

Jón Björnsson ábúandi á Hvalsá,

Jón Guðmundsson, sem ábúandi á Þorpum,

G. Bárðarson (eigandi Kollafjarðarnes)

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tolulið 63

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Kollafjarðarnes í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu

1. Milli Kollafjarðarnes og Hlíðar eru merki í hæztu forvaðarönd frá sjó og upp á brún, þaðan beina sjónhending í vörðu á hæstu hæðum sem eru á milli Litladals og Hlíðarskarðs, þaðan beina sjónhending í djúpan lækjarfarveg, sem er norðan til við Hvalsá sem er kallaður Tómi lækur og ræður hann merkjum upp á brún og þaðan sjónhending í þrjár vörður, sem eru á háfjallinu

2 Milli Kollafjarðarnes og Þorpa ^{eru merki} frá ofanefndum þrem vörðum út háfjallið í ^{stóra} rúst, sem er á fjallinu uppaf Hvamminum, frá henni í vörðu og frá þeirri vörðu í svo kallaðan Tóuhól, frá honum beina línu í svonefndan Hríshól.

3. Milli Kollafjarðarnes og Hvalsá eru merki frá ofanefndum Hríshól beina línu í vörðu, sem stendur við Hvalsá frá svokölluðu Heimsta vaði, skiptir svo áin löndum til áróss. En vegna þess, að áin breytir iðulega farveg sínum við sjóinn, þá eru merkin sett eptir miði sem er: Varða, sem stendur ofantil á Kothólnum og hún á að vera að bera í klett, sem er á Melhorninu uppaf svo kölluðum Gullsteinum og eptir þessu miði eru reka merki milli jarðanna.

Varplönd jarðarinnar eru: svo kallað Sandsker og Æðarsker og Hólminn. Lagnarsker eru, Háiboði austur af Hólmanum og svo ^{smá} sker austrað Lámaga. En um önnur rjettindi jarðarinnar fer eptir því sem lög ákveða.

4. Þess skal getið að Staðarkirkja á Reykjanesi á 1/3 úr viðarreka frá Hvalsárósi að Gullsteinum

Kollafjarðarnesi 25. maíus 1890

G. Báðarson (eigandi)

p.t. Broddanesi 24. júní 1890

S.E. Sverrisson

Guðjón Guðlaugsson

L. Jónsson

Umsjónarmenn Eiríks Ólafssonar Styrktarsjóðs.

Jón Björnsson ábúandi á Hvalsá

Jón Guðmundsson sem ábúandi á Þorpum

Fyrir Broddanes

Jón Magnússon

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 25. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 64.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá yfir eignir Staðarkirkju við Steingrímsfjörð

Staðarkirkja við Steingrímsfjörð á Selárdal og Hvannadal, Ljótárdal allan (Stáðardal) ásamt Hóla-Sunddal og Fannansdal Norðdal, Staðar-Sunddal og Aratungudal að þessum ummerkjum.

1. Bólstaðarmegin ræður landamerkjum Kópstaðagil ofan frá Selá og á fjall upp, þangað sem vötn greina að norðanverðu

2 Hrófbergsmegin ræður landamerkjum: úr Vatnadalsá eptir svonefndum heybandsgötum, nokkuð fyrir vestan Tjaldhól, sjónhending á svonefndan Stórastein, úr Stórasteini í annan stein nær byggð, en þaðan skammt kemur sá lækur, sem Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann landamerki af fjalli ofan til reiðgatna, þaðan er sjónhending yfir þverar eyrnar í Staðará, í hinn forna farveg og síðan ræður hann ofan hjá Stakkanesi, fram í sjó, í svonefndan „Reiðarstein“ (eins og hann lá áður en hann fluttist úr stað fyrir nokkrum árum. –

Vatnadalsá ræður landamerkjum að sunnan, þaðan sem hún ^{rennur} úr lækjum og tjörnum þá ræður sjónhending sunnanvert við Álptahnjúka í Þriðjungárvaðið á Kollabúðarheiði, og síðan suður eptir veginum og eru þetta landamerki milli Óslands og Kirkjubóls í Staðardal. –

Í þessari landareign eru þessar jarðir byggðar:

1. Gilstaðir, eptir jarðamati 1861	6,2 ^{hndr}	
2 Geirmundarstaðir	5,6 ^{hndr}	
3 Grænanes	9,3 ^{hndr}	
4 Staður með hjáleigum; Aratungu og Kleppsstöðum	28,1 ^{hndr}	
5 Hólar	7,0 ^{hndr}	
6 Kirkjuból	10,7 ^{hndr}	
7 Víðivellir	5,6 ^{hndr}	

Og ennfremur eyðijarðirnar Kolbjarnarstaðir og Hofstaðir, sem báðar eru í heimalandi.

Ennfremur á Staðarkirkja í Kaldrananeshreppi jarðirnar:

1. Sandnes (í Sandneslandi eigna máldagarnir Reykhólakirkja „reka og renninga“ að helmingi) dýrleiki

8,4^{hndr}

2. Drangsnes

7,0^{hndr}

3 Ásmundarnes

15,5^{hndr}

ásamt Oddsey og Þórðarey með Selsker, Klökkum og Dímon, sem þar liggja í kring

4 Brúará

1,4^{hndr}

5. Asparvík

4,2^{hndr}

þessar jarðir lögfesti prófastur Jón Sveinsson 24. apr. 1788 og ljét þinglýsa að Kaldrananesi s.d. og enn fremur 22. apríl 1793.

Landamerki þessara jarða eru:

1 Sandnes að innanverðu: lækur eða lækjarskurður utan til við Kleifar (Hólma kleifana), bein stefna úr honum í holt, er nefnist Kolavarða og þaðan beint upp á háls í Örlogstaðalæk (sem rennur utan til við Langahraun) og þaðan beint í norður í Ögmundarvatn. Að utanverðu í Kollsá frá fjalli til fjöru. Frá Haugsvatni ræður merkjum holtrönd Sandnes megin við



Haugsvatns flóa norður á Grjóthólma vatnsenda norðari og þaðan sjónhending í vörðu á norðari enda Sogshryggs, þaðan í stóran stein á norðari Steinshæðarenda og í vörðu á Hásteinshæðum, og svo þaðan sem vörður vísa í norðari enda á Langahrauni og eru þetta landamerki að norðanverðu eptir endilöngum hálsinum.

2. Drangsnæs: Lækur sá sem fellur frá fjalli og svo kölluðum Gollurshnúk til sjávar og almennt er kallaður landamerkjælækur, en að norðanverðu í svokallað Miðaptanshögg og læk þann, sem ^{þar} undan rennur til sjávar.

3. Ásmundarnes: að framanverðu Hallardalsá eptir því, sem hún að forngildu runnið hefur frá fjalli í Bjarnafjarðará en að norðanverðu í svokallaða Deild.

4. Brúará: að innanverðu Brúará frá fjalli til ~~þess~~ sjávar

5. Asparvík: er á land að Fossá og Asparvíkurdal beggja megin árinna til Asparvíkurdalshöggs norðan fossinn.

Á Reykjanesi í Árneshreppi á Staðarkirkja allan hálfan hvalreka og viðarreka.

í júní 1866

Ísl. Einarsson

Samþykkir:

Einar Einarsson (eigandi Bólstaðar og Skarðs)

Eymundur Guðbrandsson (umráðamaður Bæjar)

Ingim. Guðmundsson (umráðamaður Hellu)

Þorsteinn Guðbrandsson (meðeigandi Kaldrananes)

Magnús Kristjánsson meðeigandi Óslands

Þórarinn Hallvarðsson ábúandi á Ósi

Stephán Stephánsson eigari ½ Hrófbergs

Loptur Bjarnason (meðeigandi í Bassastöðum)

Þorsteinn Guðbrandsson (umráðamaður ekkjunnar á Klúku)

Að farið sje eptir lögfestu þeirri, sem Jón Björnsson gjörði fyrir Hrófbergslandi um landamerki milli Hrófbergslands og Staðarkirkju eigna er eg með öllu samþykkur

9/4 90 Magnús Magnússon

Þannig hefur mjer verið skýrt frá landamerkjum sem farið hefur verið eptir milli kirkjujarðanna ^(hjál.) í Staðar (Ljótar-) og Selárdal.

1. Milli Gilstaða og Geirmundarstaða: Landamerkjagil hinumegin Selár: Heiðargötugil.

2. Geirmundarstaða og Grænanes: Klettasnös framarlega á Múlanum.

3 Milli Grænanes og Staðar: Landamerkjælækur í Grásteinsengi

4. Milli Staðar og Hóla: Þverá

5. Milli Hóla og Kirkjubóls: Ljáhyggur og þaðan beint í Hólatagl og eptir því miðju í Kálfafell og úr Kálfafelli í Hólasands^{dals}vatn hinumegin Staðará: Heiðargötugil

6. Milli Kirkjubóls og Kleppstaða: Landamerkjælækur fyrir framan Horngil hinumegin Staðarár milli Kirkjubóls og Aratungu (Aratungá.)

7. Milli Hóla og Víðivalla: Miðmundagil, og beint úr botni þess og yfir í Miðmundavatn, og svo úr læk; sem rennur í Vatnadalsá og svo eptir Vatnadalsá fram úr, suður á fjall



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

8. Milli Víðivalla og Hofstaða: Úr Vatnadalsá í uppmjóan hól framan til við Þverholtaflóann, svo í miðja Lómatjörn og þaðan í miðja Borgartjörn (svo er Víðivöllum úthlutað land af prestum, sem hjer hafa verið eptir nokkuð óljósum landamerkjum. Það er talað um læk, sem rennur utan til Brúarsundsholtsendann ytri um vörðu á Vörðuholti, og ef til vill fleiri örnefni, en landa merki eru látin enda í slarki, sem eru fyrir framan alfaraveg utan úr sveitinni (fyrir framan Reiðsýki).

Ísl. Einarsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 26. júnímán. 1890 og að Kaldrananesi 28. s.m. og síðan rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 65.

Vitnar

S.ESverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur 1 kr. 50^a

Fyrir bókun kr. 50^a

Eru tvær krónur

S.ESverrisson



Landamerkjaskrá Samkvæmt lögfestu skjali dags. 6. maí 1675, Jóns Björnssonar fyrir
Hrófbergi innan til tekinna landamerkja.

1. eru landamerki milli Hrófbergs og Staðarkirkju eignar: frá Vatnadalsá eptir háhrygg Þverholtanna að hærra Merkissteini, þaðan er bein sjónhending að neðri Merkis-steini. Skammt frá þeim steini kemur sá lækur, er Kúgildislækur hefur kallaður verið og er hann þessara landa á milli merki af fjalli ofan til láglandis, þaðan er sjónhending yfir þverar eyrarnar í Staðará í Þann forna farveg. ~~þaðan er sjónhending~~ við lækjartún og síðan ræður hann ofan hjá Stakkanesi fram í sjó milli meginlands og reiðarsteins.

2. Milli Hrófbergs og Fitja eru landamerki frá frá Þverholtum, Vatnadalsá, Fitjavatn, Hríminn, Hrófbergsvatn og Grjótá að Þvergljúfralá, þaðan skilur Grjótá lönd mill Óss og Hrófbergs til sjóar eptir hinum forna farveg utan til við skerid.

Hrófbergi 9. marz 1890.

M. Magnússon ábúandi í umboði Jóns Jörundssonar (umráðanda)

Að farið sje eptir lögfestu þeirri, sem Jón Björnsson gerði fyrir Hrófbergslandi um landamerki milli Hrófbergslands og Staðarkirkju eigna er eg með öllu samþykkur

9/4 Ísl. Einarsson.

Árni Jónsson (samþykkur)

Ásgeir Snæbjörnsson

Þórarinn Hallvarðsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 26. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulíð 66

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E Sverrisson



Skrá um landamerki Vatnshorns.

Milli Þiðriksvalla greinir lönd Þiðriksvallavatn, frá vatninu að vestanverðu ræður sjónhending, sem miðast frá vörðu syðst á Smiðhúsaborgarhöfðinu, að vörðu, sem hlaðin er við ána í Bæjarflóanum, þaðan sjónhending eptir þremur vörðum fram dalinn að Grímseyrunum svo áin að Grímsgili og svo Grímsgil suður á hraun, eins langt og vötnum hallar þar norður af fjallgarðinum

Milli Skeljavíkur: Teigsvatn og Teigsgil að Þiðriksvallavatni

Milli Kálfaness: Frá Stokknum við Ósá eptir brún Stokkshæðarinnar í tjörn efst í

Breiðaskarði og úr þeirri tjörn eins og vörður vísa fyrir norðan Kistulægðir og Engjavötn og suður eptir hrygg milli Engjvatna og Hvolfá í Teigsvatn.

Milli Óss: Að Ósá við Stokkinn og eins og sú á ræður suður á fjallgarð þar sem hún hefur upptök.

Magnús Magnússon, Halldór Einarsson, ábúendur á Vatnshorni.

Finnur Jónsson (vegna Kálfaness) Magnús Guðmundsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 26. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 67.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Skrá yfir landamerki Þiðriksvalla í Hrófbergshreppi

Á leið til sjóar í austnorður frá bænum Þiðriksvöllum er vatn, sem heitið Þiðriksvallavatn, úr austurhorni þess rennur á, sem heitir Þverá ofaní Húsadalsá, og greinir hún að austanverðu Þiðriksvallaland frá Skeljavíkurlandi, þá greinir Húsadalsá frá því að Þverá rennur í hana og það suður á hraun.

Þiðriksvallaland að sunnanverðu frá Víðirdalsárlandi.

Að austnorðan og útnorðanverðu greinir áður nefnt vatn land jarðarinnar Þiðriksvalla frá Skeljavíkur og Vatnhornslandi, og ennfremur á milli Vatnhorns: frá vatninu að vestanverðu greinir nú sjónhending, sem miðast frá vörðu syðst á Smiðhúsaborgarhöfðinu að vörðu, sem hlaðin er við ána í Bæjarflóanum. Þaðan greinir sjónhending eptir þremur vörðum fram dalinn að Grímseyrunum svo áin að Grímsegili og svo Grímsegil suður á hraun eins langt og vötnum hallar þar norður af fjallgarðinum.

Sem eigendur jarðarinnar Þiðriksvalla

Grímur Benediktsson Jón Guðmundsson Jón Einarsson

Vegna Skeljavíkur R.P. Riis. Gísli Jónsson á Víðirdalsá.

Vegna Vatnhorns Magnús Magnússon Magnús Guðmundsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Hrófbergi 26. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 68

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Kaldrananeshá

N^o 69

Landamerkjaskrá jarðarinnar Eyja í Kaldrananeshreppi.

Milli Eyja og Kleifa úr Slitrunefti í Kaldbakshorn, þaðan fram brúnina eins og vötnum hallar. Milli Eyja og Asparvíkur ræður Fossá frá sjó uppundir Asparvíkurdal svo fram hjallarandir fram í dalbotn síðan ræður Fossá merkjum.

Að Kaldrananesi 28. júní 1890

S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða.

Í umboði eiganda Kleifa E. Guðbrandsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 69.

Vitnar

S.E. Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 70

Landamerkjaskrá umboðsjarðarinnar Reykjavíkur í Kaldrananeshreppi

Milli Reykjavíkur og Brúarár ræður landamerkjum svokölluð Brúará frá upptökum til sjávar.
Milli Reykjavíkur og Ásmundarness ræður landamerkjum svokölluð Deildará, eins og hún
rennur frá upptökum til sjávar.

Bæ við Hrótafjörð 31. október 1889

S.E. Sverrisson umboðsmaður Strandasýslu jarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán. 1890 og rituð inn í
landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 70.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir umboðsjörðinni Bjarnanesi í Kaldraneshrepp:

Milli Bjarnanes og Bæja ræður Göngustaða á merkjum frá sjó upp í leirtjörn norður á hálsi. Milli Bjarnanes og Kaldrananes eru merki úr norðari læknum í Hörsvík og í enda klettabeltissins, sem liggur fyrir ofan Þorláksvík, og eptir því norður á Hólgötur í brúnarkletta-endan og frameptir Brúnarklettunum í Bæjarskarð og eptir Kirkjuvegi í ytri hallanum á skaðinu í leirtjarnarendann fremri.

Bæ, við Hrótafjörð 31. október 1889

S.E. Sverrisson umboðsmaður Strandasýslu jarða

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán: 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 71.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Skrá yfir landamerki Kleifa í Kaldbaksvík.

1. Milli Kaldbaks: frá Kaldbaksárósi, eins og áin ræður til fjalls nema einn hólmi sem er Kleifa megin við ána og svo ofan fjall eins og vötn ráða á Kaldbakshorn og þaðan í Kaldbaksófæru öðru nafni Slitranef.

Í umboði eiganda: E. Guðbrandsson

S.E Sverrisson, umboðsmaður Strandasýslu jarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 72.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein krona

SESverrisson



Skrá yfir landamerki Kaldbaks:

Milli Kolbeinsvíkur: að norðan í Spena-þúfu og úr henni beint til sjóar og eins beint á fjall upp.

Milli Kleifa: að Kaldbaksárósi og úr honum beint í Kaldbaksá og með henni eins og hún ræður nema hólma, sem er Kleifameginn við ána, en liggur undir Kaldbak.

Guðrún Pálsdóttir Jón Pálsson Jón Jörundsson

Í umboði eiganda Kleifa E. Guðbrandsson

S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán 1890, og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 73. Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein krona

SESverrisson



Skrá yfir landamerki Goðdals

Milli Goðdals og Svanshóls ræður Goðdalsá neðan frá ármótum og fram í Sjónarhól og þaðan beina sjónhending í háhyrnuna og af henni norður á hraun.

Milli Sunnædals ræður Sunndalsá neðan frá ármótum Goðdals og upp með ánni uppundir leiti nokkuð fyrir framan Sunndal og þaðan í Graflækshöfuð og þaðan norður í Stórubungu og svo úr því sem vötn ráða norður á hraun.

Magnús Arason Jóhann Pálsson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júnímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 74.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E Sverrisson



Skrá yfir landamerki Sunndals

Milli Skarðs ræður lækur, sem rennur eptir svokölluðu landamerkjasundi, þaðan sem hann rennur í Sunndalsá og upp með honum upp á hálsbrún og þaðan í suðvestur í vörðu á stórum steini, þá meira í vestur beina sjónhending í vörðu á Litlafelli og svo þaðan sjónhending í rauða skriðu innantil í Sunndalsbungu og þaðan eins og vötnum hallar fram á hraun og grasleysur.

Milli Goðdals: ræður Sunndalsá frá áðurnefndum landamerkjalæk og upp með ánni upp undir leiti, sem er nikkud fyrir framan bæjinn Sunndal og þar yfir um ána í svonefnt Graflækshöfuð að norðanverðu við ána og þaðan norður í Stórubungu, og svo úr því, sem vötn ráða norður á hraun.

G. Jónsson. Magnús Arason. Jóhann Pálsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kaldrananesi 28. júním. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 75.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SE Sverrisson



Árnessþinghá

N^o 76

Skrá ítök Tröllatungu kirkju

- 1 Á Hrófá í Hrófbergshrepp: $\frac{1}{4}$ í skógarlandi og $\frac{1}{8}$ úr hvalreka og eggjaveri
- 2 Á Heiðarblæ $\frac{1}{8}$ úr hvalreka
- 3 Á Heydalsá $\frac{1}{5}$ úr hvalreka
- 4 Á Smáhömrum $\frac{1}{12}$ úr hvalreka milli Kúrhafnar og Skónálagils og reka allan milli Fauskalækjar og Skónálagils = (Hólslækjar)
5. Í Þorpum $\frac{1}{2}$ viðarreka milli Skónálagils = (Hólslækjar) og Hjallaness = (Hafnarness) og $\frac{1}{12}$ úr hvalreka milli Skónálagils og Grindar
6. Á Hvalsá $\frac{1}{3}$ úr hvalreka. Ítökin 2-6 eru í Kirkjubólshreppi
7. Í Bæ á Selströnd. Reki allur á Kóngustöðum
- 8 Á Brúará $\frac{1}{4}$ úr öllum reka
- 9 Í Kolbeinsvík og Kaldbak $\frac{1}{6}$ úr hvalreka milli Kolbeinsáróss og Kaldbaksóss. (Ítökin 7-9 eru í Kaldrananeshr.)
- 10 Í Byrgisvík $\frac{1}{9}$ úr hvalreka
11. Á Gjögri $\frac{1}{6}$ úr öllum reka og $\frac{1}{4}$ allra fjörunytja á Rifskerjum um og í Akurvík, sem að mestu er í Reykjaneslandi

Felli 20. júní 1890

Arnór Arnason

Framanskriðu ítök samþykkja:

Í umboði Hrófáreigenda Jón Ívarsson

Í umboði $\frac{3}{5}$ af Þorpum G. Bárðarson

Í umboði Hvalsár G. Bárðarson

Í umboði $\frac{2}{5}$ af Þorpum J. Guðmundsson

Vegna Heiðabæjar Hjálmar Jónsson

Eigandi Heydalsár Ragnheiður Einarsdóttir

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti

1. Að Kirkjubóli 25. júnímán. 1890.

2. Að Hrófbergi 26. júnímán. s.á.

3. Að Kaldrananesi 28. júnímán. s.á.

Hreppstjóri Eymundur Guðbrandsson í Bæ óskaði þess getið, að hann ekki vildi að svo stöddu viðurkenna reka ítök, það sem talið er í skránni á Kóngustöðum, þar eð honum væri ókunnugt um landamerki fyrir Kóngustaðalandi. –

4. Að Árnesi, 2. júlímán. s.á.

Síðan er skrá þessi rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 76.

Vitnar S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur 3 kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er þrjár krónur, tuttugu og fimm aurar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

SEsverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 77

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Kolbeinsvík í Árneshreppi

Milli Kolbeinsvíkur og Kaldbaks ræður landamerkjum Spenapúfa og úr henni sjónhending í fjöru og til fjalls í merkjavörðu á báðar síður.

Milli Kolbeinsvíkur og Byrgisvíkur ræður merkjum Skeiðpúfa og úr henni sjónhending til fjalls.

Bæ við Hrútafjörð, 31. desemb 1889.

S.E Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða. –

Jón Jörundsson, eigandi Kaldbaks.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnasi 2. júlímán 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tolulið 77.

Vitnar

S.E Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 78

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Byrgisvík í Árneshreppi

Milli Byrgisvíkur og Veiðileysu ræður merkjum Veiðileysu ófæra

Milli Byrgisvíkur og Kolbeinsvíkur ræður merkjum Skeiðpúfa og úr henni
sjónhending til fjalls.

Bæ við Hrútafjörð, 31. des. 1889

S.E. Sverrisson, Umboðsmaður Strandasýslujarða

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tolulið 78.

Vitnar

S.E. Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 79

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Veiðileysu í Árneshreppi

Mili Veiðleysu og Byrgisvíkur ræður merkjum Veiðileysu ófæra.

Milli Veiðileysu og Kams úr svonefndum Merkissteini við sjóinn ræður bein sjónhending til fjalls.

Bæ við Hrútafjörð 31. des. 1889.

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlím 1890 og rituð inn í landamerkjabók

Strandasýslu undir tölulið 79

Vitnar

S.E Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 80

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Kamb í Árneshreppi

Milli Kambs og Halldórsstaða ræður Viðarvíkurlækur merkjum.

Milli Kambs og Veiðileysu eru landamerki úr svonefndum Merkisteini við ^{sjóinn} ræður bein sjónhending til fjalls.

Bæ við Hrútafjörð 31. des. 1889

S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslugarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlím. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 80.

Vitnar

S E Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 81

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Halldórsstaði í Árneshreppi.

Milli Halldórsstaða og Kjósar ræður Kleifar á merkjum frá fjöru til fjalls.

Milli Halldórsstaða og Kambs ræður merkjum Viðarvíkurlækur.

Bæ við Hrítafjörð 31. des 1889

S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslu jarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og rituð inn landamerkjabok
Strandasýslu undir tölulið 81.

Vitnar

S.E Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 82

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Kjós í Árneshreppi

Milli Kjósar og Halldorsstaða ræður Kleifaráin merkjum frá fjöru til fjalls.

Milli Kjósar og Reykjafjarðar ræður Miðhólslækur merkjum alla leið.

Bæ við Hrítafjörð 31. des. 1889

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlí 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 82.

Vitnar

S.E. Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 83

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Reykjarfjörð í Árneshreppi

Milli Reykjarfjarðar og Kjósar ræður Miðhóslækur merkjum alla leið.

Milli Reykjarfjarðar og Naustvíkur er landamerki klettur við sjó, svonefndur Mörhaus og úr honum eptir sjónhending beint upp til fjalls.

Bæ við Hrútafjörð 31. des. 1889

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 83.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Naustvík í Árneshreppi

Milli Naustvíkur og Kjörvogs ræður merkjum Sætrakleif og úr henni bein stefna til sjávar, svø frá nefndri, Kleif ræður fjallgarður, sem liggur upp í Sætrafjall.

Milli Naustvíkur og Reykjafjarðar er landamerki klettur við sjó svonefndur Mörhaus og úr honum sjónhending beint upptil fjalla.

Bæ við Hrútafjörð 31. des. 1889

S.E Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 84.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Litlu Ávík í Árneshreppi

Milli Litlu-Ávíkur og Stóru-Ávíkur ræður Ávíkurá landamerkjum alla leið.

Milli Litlu Ávíkur og Reykjaness ræður merkjum sjónhending úr Hymuklauf í Illukeldu, þaðan sjónhending í Þúfu á Reiðholti, þaðan sjónhending á Mýrarhnúk og þaðan sjónhending til fjalls

Bæ við Hrótafjörð, 31. des 1889

S.E. Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða

J.J Thorarensen Guðm. Magnusson (hands:) Eigendur Stóru-Ávíkur

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 85. Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Finnbogastaði í Trjeyllisvík

Milli Finnbogastaða og Árness ræður Árnessá til sjávar en rekamark við sjó er eptir samkomulagi við milli prestins í Arnesi og umboðsmanns Þjóðdeignarinn^{ar} Finnbogastaðar, með því árósinni eigi jafnan rennur í sjó á sama stað, þar í fjörunni, er Árker ber í Kört.

Milli Finnbogastaða og Bæjar ræður merkjum^{lækur} frá því hann rennur í Árnessá og þar til hann endar, úr upptökum lækjar þessa ræður sjónhending í steina upp undir fjallinu og verður þar sett merkja varða.

Milli Finnbogastaða og Stóru-Ávíkur eru merki frá sjó úr svo nefndum Helli og þaðan sjónhending til fjalls á ytri endan á svo kallaðri Breiðhyllu

Bæ við Hrítafjörð 31. des. 1889

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða

Eyjólfur Jónsson, prestur í Arnesi.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlím. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 86.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Bæ í Trjekyllisvík.

Milli Bæjar og Finnbogastaða ræður merkjum lækur, sem rennur með túninu í Bæ frá því hann kemur í Arnesá til upptaka, úr upptökum lækjar þessa ræður sjónhending í stein uppundir fjallinu og verður þar sett merkjavarða.

Milli Bæjar og Árnes ræður merkjum Arnesá. Reki tilheyrir jörðinni í svonefndri Kolgrafarvík, sem liggur í Stóru-Ávíkur landi úr Knarar[nesi] í K[...].unes

Bæ við Hrótafjörð 31. des 1889

S E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða

Eyjólfur Jónsson prestur í Árnesi

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlím. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 87.

Vitnar

S.E. Sverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 88

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Ingólfsfjörð í Árneshreppi

Milli Ingólfsfjarðar og Eyrar ræður merkjum Eyrarkleif við sjó og þaðan sjónhending til fjalls

Milli Ingólfsfjarðar og Seljaness ræður merkjum svonefnt Hellunes við sjó og þaðan sjónhending til fjalls

Bæ við Hrútafjörð 31. des. 1889

S.E. Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlímán 1890 og rituð inn í landamerkjabók

Strandasýslu undir tölulið 88.

Vitnar

S.E. Sverrisson



Landamerki Árnestaða í Trjeykylisvík

Hornmark milli Árnesey og Mela er steinn í Hvalvík, er nefnist Spor, í gegnum stein þann er gat, þaðan eru landamerki beint í Árnestinda, svo eptir háfjalli allt að Árnesey, en hún ræður til sjávar en rekamark við sjó er eptir samkomulagi milli prestsins í Árnesey og umboðsmanns Þjóðdeignarinnar Finnbogastaða, með því árósin eigi jafnan rennur í sjó á sama stað þar í fjörunni, er Ársker ber í Kört.

Undir Arnes liggur Árnesey (Trjeykylisey) með Lónklakk svo og Háasker, Kört og Sullarsker.

Viðarreka allan mili Spors og Áróss á Árnesey en 3/4 (þrjá fjórðu) hluta í hvalreka í Árnesey og 2/3 (tvo þriðju) hluta í hvalreka milli Spors og Áróss, móti Þingeyraklaustri, eptir að frá er genginn 1/10 (einn tíundi) hluti, sem Arneskirkja á hjer sem annarstaðar af öllum hvölum, sem á land koma, hvort sem fluttir eru á eða með skipi milli Geirhólmsgnúps og Kaldbakskleyfar. Árnesey á allan hálfan reka frá Drangatanga að Signýjargötu og frá Singýjargötu að Skúmshelli hálfan viðarreka Árnesey tilheyrir reki sá á Krossnesi og í Norðurfirði, er fyr heyrði til Skálholtsstað, áttung í hvalreka milli Lækjar og dranga“ (skinnblað 1492) og sem er orðið eign Árnesey með gjafabréfi dags. 20. jan 1888 er og afsalar til Arneskirkju hvalrekaítak Skálholtskirkju í Trjeykylisey (Árnesey).

Samkvæmt máldögum og vísitium á Árnesey einnig þriðjung vættar skreiðar, af hverjum bónda og af hverjum fiskimanni, ef hann er til fiskjar hálfan mánuð eða lengur frá Geirhólmi og í Sauratún (Sauðatún)

Árnesey í Trjeykylisvík 1. dag júlímánaðar 1890

Eyjólfur Jónsson prestur í Árnesey

S.E. Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða

Halldór Jónsson Guðm. Jónsson (handsalað) eigendur Mela

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesey 2. júlímán. ¹⁸⁹⁰ og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 89

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SE Sverrisson



Landamerki fyrir jörðinni Ófeigsfirði í Árneshreppi innan Strandasýslu.

Land jarðarinnar er frá Helgaskjólí og norður að Eyvindarfjarðará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsfjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla að vörðum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjarðar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjörður út þangaðtil Helgaskjól er að bera í landamerkjavörðu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi.

Undir Ófeigsfjörð liggur allur reki frá Helgaskjólí norður að Hvalá og svo frá Dagverðardalsá norður í nyrðri klettinn fyrir norðan Hróteyjarnes og þekkist hann af því, að skip fljóta að honum um flóð og fjöru, en fjarar út langt fram fyrir klettinn, sem er nær nestánni. Frá þessum tilgreinda nyrðra kletti norður að Vothellum liggur allur viðrareki undi Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnavatssýslu.

Frá Vothellum innað Eyvindarfjarðará liggur allur viðarreki undir Þingeyraklaustur svo er og viðarreki á svæðinu frá Dagverðardals á að Hvalá.

Varplönd, sem liggja undir Ófeigsfjörð eru: Hrótey skammt undan landi Ófeigsfjarðarmegin við Hróteyjarnes og hólmi, skammt undan landi innst á firðinum

Sker, sem selveiði er við og liggja undir Ófeigsfjörð eru almennt nefnd Ófeigsfjardarsker, þau eru talsvert undan landi, og eru hin einstöku sker nefnd, Flatasker, Hnúasker, Austurklakkar og Brimilsklakkar

Reykjafirði, 21. Jan. 1890

J.J. Thorarensen

Guðm. Pjetursson Þorkell Þorkelsson

Gísli Gíslason. Jón Gíslason Ragnheidur Óladóttir jarðeigendur

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi 2. júlímán 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 90. Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Gjögur.

Gjögur á land að læk þeim sem rennur úr Gjögurvatni og til sjávar innanvert í Brandsvík, að norðanverðu frá greindum læk með vatninu að læk þeim, sem næst kemur og hefur upptök hæst á hálsinum úr tjörn að austanverðu við tjörnina er sjónhending í læk þann, sem rennur til sjóar í Akurvík, en þar lækurinn rennur á öðrum stað í ár en næsta ári, er sjónhending yfir sandinn tekin beint sem grasbakkar á læknum ráða beint til sjóar.

p.t. Arnesi 2. Júlí 1890

J.J. Thorarensen

S.E Sverrisson Umboðsmaður Strandasýslujarða

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulíð 91.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Eyri við Ingólfsfjörð í Árneshreppi

Milli Eyrar og Ingólfsfjarðar ræður merkjum Eyrarkleif við sjó og þaðan sjónhending til fjalls.

Milli Eyrar og Munaðarness ræður merkjum klettaklauf við sjóinn og úr henni sjónhending í Hróaldshöfða, úr honum sjónhending í öxlina á Miðaptansfjallinu.

Milli Eyrar og Mela ræður stefna úr Stóra-Hnúk í Bjarnarvörðu og þaðan í Haugsfjall.

Bæ við Hrutafjörð 31. des. 1889

S.E Sverrisson umboðsmaður Strandasýslujarða.

Halldór Jónsson Guðmundur Jónsson Eigendur Mela

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 92

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Munaðarnes í Árneshreppi

Milli Munaðarnes og Eyrar ræður merkjum klettaklauf við sjóinn og úr henni sjónhending í Hróaldshöfða, úr honum sjónhending í öxlina á Miðaptansfjallinu.

Milli Munaðarnes og Fells í tanga þann; sem kallaður er Hellir beina stefnu til Kálfatinda. Sker þau, sem liggja framundan landinu, liggja undir jörðina, ásamt veiði við þau.

p.t. Arnesi 2. júlí 1890

J.J. Thorarensen

Jón Gíslason

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi, 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 93.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SE Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir eyðijörðina Engjanes í Árneshreppi.

Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er í Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjaness og Ófeigsfjarðar.

p.t. Árnosi 2. Júlí 1890

J.J. Thorarensen umráðamaður Drangavíkur og fyrir S^r. Jóhann Þorsteinsson í Stafholti umráðamann Engjaness.

Guðmundur Þjetursson fyrir hönd jarðeigendanna í Ófeigsfirði.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnosi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 94

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



N^o 95.

Landamerki fyrir jörðinni Dröngum liggjandi í Árneshreppi innan Strandasýslu

Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er norðurað Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga.

Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yzt út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjávar.

Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglandi hennar

Hlunnindi sem fylgja og liggja undir jörðina er:

- 1 Æðarvarp sem er í Eyju og 2 hólmum. Eyjan er skammt undan landi rjett fyrir norðan Meyjarsel Dranga megin á Bjarnarfirði. Hólmarnir eru hjer um bil ¼ viku sjóar undan landi norður og fram af Vatnshöfða sem kallaður er
2. Selveiði fylgir og liggur undir jörðina mest í skerjum sem eru hjer umbil viku sjóar undan landi og svo í ýmsum skerjum öðrum, sem eru nær landi því þau liggja öll undir Dranga, sem eru fram undan Drangalandi
3. Viðar og hvalreki nema 1/10 af hval undir Arneskirkju

Dröngum dag 24. maí 1890

Guðmundur Pjetursson fyrir hönd prestsins í Vatnsfirði

J.J. Thorarensen (eigandi Skbvíkur) og ful. fyrir Drangarvík.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og ritað inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 95

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald fyrir þingl. kr. 75^a

Gjald fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESv.



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi

Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skarðatindinum á vörðu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar –
En milli Drangavíkur og Engjanes er Þrælskleif og norðanverðu kúpóttur klettur og varða beint upp af honum. Kálhólmar 3 með Æðarvarpi.

p.t Árnesei 2. júlí 1890

J.J. Thorarensen fyrir Jón Ásgeirsson

Gudm. Pjetursson á Dröngum

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlí mán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Stranda sýslu undir tölulið 96

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



N^o 97.

Landamerkjaskrá Fyrir Skjaldbjarnarvík í Árneshreppi

Jörðin á land og reka norður í klett þann, sem er norðan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnanverðu á jörðin land og reka að Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldarbarnarvík og Dranga. Sker þau, er liggja fram undan landinu liggja undir jörðina ásamt veiði við þau

p.t. Arnesi, 2. Júlí 1890

Bjarni Bjarnason J.J. Thorarensen (jarðeigendur)

Guðmundur Pjetursson bóndi á Dröngum

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesei 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Stranda Sýslu undir tölulið 97. Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Norðurfjörð.

Að norðanverðu milli Krossnes er lækur sá, sem rennur frá há Kálfatindi ofan í Ljósumýrarlæk síðan Ljósumýrarlækur í sýkið og til sjóar.

Milli Norðurfjarðar og Mela er merkið í klett sem nefnist Skuggi og sjónhending upp í Urðartind.

p.t. Árnesi 2. Júlí 1890

J.J. Thorarensen Halldór Jónsson Gísli Gíslason.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlím. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 98

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Krossnesi.

Að norðan í svokallaðann Hagagarðsbás og beina sjónhending til fjalls í hrygg þann, sem liggur á milli Djúpadals og Hrynudala í Tindaskarð.

Milli Norðurfjarðar og Krossness ræður svokallaður Ljósumýrarlækur, sem rennur frá hömrunum, þar til hann rennur til norðausturs, þar er hlaðinn garður og frá þeim garði er stefnan bein til Norðurfjarðarsýki, hvar hann hefur áður runnið og með sýkinu þar til það rennur í Ljósumýrarlækinn og eptir honum til sjóar.

Rekamarð milli Fells og Krossaness er í Snös þá, sem er næst sunnanvert við Hagagarðsbás.

Eyjólfur Jónsson Benjamín Jóhannesson.

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók
Strandasýslu undir tölulið 99 Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bokun kr. 25^a

Er ein króna

S.E. Sverrisson



Landamerkjaskrá fyrir Stóra Fell og Litla Felli.

Landamerki milli Stóra Fells og Munaðarnes er á rekanum í svokallaðar Hellur, og sjónhending uppá brún og svo eptir brúninni vestur fyrir Velli og þaðan eptir hrygg þeim, sem liggur milli Fellsdals og Skalladals og beint á Tindaskarð.

Milli Litla Fells og Krossanes ræður svo svokallaður Hagagarður beint til fjalls á hrygg þann, sem liggur á milli Djúpadals og Hyrnudalla og eptir honum beint í Tindaskarð.

Á rekanum í Snös þá, sem næst er sunnantil við Hagagarðsbásinn. Sælusker kölluð liggja undir Stóra Fell.

Jens H. Þorkelsson

Benjamín Jóhannesson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Arnesi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 100.

Vitnar

S.E Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 101.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stóru Árvík

sem á land að Árvíkurá og rennur alla leið til sjóar, og að norðanverðu í Hellirinn og beint til fjalls í ytri endan á Breiðhelli.

p.t. Árnesi 2. Júlí 1890

J.J. Thorarensen

Guðm. Magnússon (handsalað).

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlímán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 101.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald:

Fyrir þinglestur kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SE. Sverrisson



Landamerki tilheyrandi jörðinni Guðlaugsvík við Hrutafjörð.

Landamerkjalækur á millum Víkur og Kolbeinsár liggur fyrst til vesturs, síðan til suðurs í Kálfavötn svokölluð, þar liggur garður þar sem krókurinn er á læknum til vesturs í Torfhamra, sem menn halda að sje garður, og svo líka fyrrum fallinn, eptir honum standa merki og beina sjónhending í Miðmundahæðir, svo fyrir austan Arnarhreiðursdal eptir brúnum og á há Dagmálabungu og austan til í Lásagil, svo eptir Guðlaugstungum eptir því sem vötnum hallar og í hæð fyrir austan Guðlaugsvatn, þaðan sjónhending á Hvalsá til vesturs í Þröskulda, og þar eptir í Rjúpnafell, síðan heim í Svartagil, úr Svartagili og eptir há Töðutungubrún sjónhending af norðurenda Töðutungu brúnar og sunnan til í Langafell, þaðan beint til austurs í landamerkjagil, sem fellur ofan á millum Seltinds og Þórðarfells á Víkurá.

Jón Jónsson eigari í Brunngili.

Jón Þórðarson sem eigandi að $\frac{3}{4}$ Skálholtsvíkur.

Guðrún Andrjesdóttir sem eigandi að $\frac{1}{4}$ Skálholtsvíkur

Þorvaldur Bjarnarson umráðamaður Kolbeinsár og Stóru Hvalsár.

Gísli Jonsson eigandi í Þambárvöllum.

Einar Þórðarson eigandi í Þórustöðum.

Lesin fyrir manntalsþingrjetti að Bæ 19 júnímán 1890, og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 102.

Vitnar

S.E. Sverrisson

Gjald fyrir þingl. kr. 75^a

Gjald fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SESverrisson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gestsstöðum liggjandi í Kirkjubólshreppi í Strandasýslu

1. Á milli Gestsstaða og Klúku eru landamerki eptir læk, sem rennur frá hlíðarlögg ofan í Miðdalsá eptir svo kallaðri Reiðlá frá upptökum lækjarins í svo kallaða dagmálavörðu, á brúninni frá henni í (svo kallaða) þúfu á miðbrún, og frá henni í þúfu sem eru á hæstu brúninni.
2. Milli Gestsstaða og Kirkjubóls, frá ofangreindri þúfu eptir holthrygg suður í tjörn, sem er á hægsta fjallinu milli Þvergils og Gestsstaða brúnar.
3. Milli Gestsstaða og Heydalsár eru merki suður háfjallið sem vötnum hallar að Miðdal og Heydal suður í svokallaðan Stórhól.
4. Milli Gestsstaða og Steinadals eru merki frá Stórhól suður fjallið eptir því sem vötnum hallar að Gestsstaða-Norðdal og Steinadals-Norðdal, svo vestur svo kallaða Þröskulda, sem eru á milli dalanna, svo upp hlíðina eptir rönd, sem hallar suður og norður, svo vestur hábrún vestur í svokallað Melrakkagil, ræður þá gilið að Miðdalsa og skiptir áin svo löndum heim dalinn, sem Gestsstaðaland nær.

Gestsstöðum 26. maí 1892

Daði Bjarnason

Þessum landamerkjum eru samþykkir:

Fyrir Klúkuland	Björn Björnsson	
Fyrir Kirkjubólsland	Valgerður Grímsdóttir	
Fyrir Heydalsárland	Ásgeir Sigurðsson	
Fyrir Steinadalsland	Daði Bjarnason	Þorbjörn Jónsson

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Kirkjubóli 9. júní 1892 og rituð inn í landamerkjabók Strandasýslu undir tölulið 103.

Vitnar

SeSverrisson.

Gjald:

Fyrir þingl. kr. 75^a

Fyrir bókun kr. 25^a

Er ein króna

SeSv.



Registur.

<u>Nº</u>	<u>Bls.</u>
<u>Bæjarhreppur:</u>	
1. Borðeyri	42
2. Borgir	4
3. Bær	46
4. Fagrabrekka	39
5. Fjarðarhorn	
6. Guðlaugsvík	141
7. Heydalur	
8. Hlaðhamar	45
9. Hrafnadalur	49
10. Hvalsá L.	52
11. Hvalsá St.	
12. Kjörseyri	
13. Kolbeinsá	
14. Kollsá	50
15. Laxárdalur	43
16. Ljótunnarstaðir	47
17. Melar	38
18. Prestsbakki	48
19. Skálholtsvík	53
20. Valdasteinsstaðir	40

Óspakseyrarhreppur:

1. Brunngil	20
2. Bræðrabrekka	9
3. Einfætlinggil	71
4. Gröf	73
5. Hvítahlíð	75
6. Óspakseyri	56
7. Skriðnesenni	7
8. Snartartunga	6
9. Þambárvellir	30
10. Þórustaðir	32

Fellshreppur:

1. Broddadalsá	68
2. Broddanes	54
3. Fell	76
4. Fjarðarhorn L.	59
5. Fjarðarhorn St.	67



6. Hlíð	57
7. Ljufustaðir	64
8 Steinadalur	61
9. Þrúðardalur	70

Kirkjubólshreppur:

1. Arnkötludalur	81
2. Geststaðir	92 (143)
3. Heiðarbær	82
4. Heydalsá	88
5. Húsavík	79
6. Hvalsá	97
7. Kirkjubóll	91
8. Klúka	10
9. Kollafjarðarnes	98
10. Miðdalsgröf	3
11. Smáhamrar	94
12. Tindur	86
13. Tröllatunga	83
14. Tungugröf	87
15. Þorp	95

Hrófbergshreppur:

1. Fitjar	23
2. Geirmundarstaðir	104
3. Gilstaðir	104
4. Grænanes	105
5. Hólar	105
6. Hrófá	33
7. Hrófberg	106
8. Kálfanes	24
9. Kirkjubóll	105
10. Ós	22
11. Skeljavík	24
12. Staður	100
13 Vatnshorn	25 (108)
14. Víðidalsá	36
15. Víðivellir	105
16. Þiðriksvellir	109

Kaldrananeshreppur:

1. Asparvík	103
2. Ásmundarnes	103



3. Bassastaðir	27
4. Bjarnanes	112
5. Bólstaður	
6. Brúará	103
7. Bær	26
8. Drangsnes	103
9. Eyjar	111
10. Gautshamar	29
11. Goðadalur	115
12. Hafnarhólmur	13
13. Hella	11
14. Kaldbakur	114
15. Kaldrananes	16
16. Kleifar á Selströnd	15
17. Kleifar í Kaldbaksvík	113
18. Klúka	18
19. Reykjavík	111
20. Sandnes	102
21. Skarð	
22. Sunndalur	115
23. Svanshóll	19

Árneshreppur:

1. Árnes	127
2. Árvík L.	123
3. Árvík St.	141
4. Byrgisvík	119
5. Bær	125
6. Drangar	134
7. Drangavík	136
8. Eyri	131
9. Fell	140
10. Finnbogastaðir	124
11. Gjögur	130
12. Halldórsstaðir	121
13. Ingólfsfjörður	126
14. Kambur	120
15. Kjós	122
16. Kolbeinsvík	119
17. Kjörvogur	
18. Krossnes	139
19. Melar	
20. Munaðarnes	132



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

21. Naustvík	123
22. Norðurfjörður	138
23. Ófeigsfjörður	129
24. Reykjanes	
25. Reykjarfjörður	122
26. Seljanes	
27. Skjaldabjarnarvík	137
28. Veiðileysa	120
29. Engjanes	133